# Ársskýrsla safnaráðs 2022

SAFNARÁÐ 2023

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit ..... 2
Ávarp framkvæmdastjóra ..... 4
I. Safnaráð - hlutverk og ráðsmenn ..... 5
Hlutverk ráðsins ..... 5
Ráðsmenn og framkvæmdastjóri ..... 6
Aðalfulltrúar ..... 6
Varafulltrúar ..... 6
Fyrir hönd höfuðsafna ..... 6
Framkvæmdastjóri og sérfræðingur safnaráðs ..... 6
II. Starf ráðsins á árinu 2022 ..... 7
Fundir ráðsins ..... 7
Skrifstofa safnaráðs ..... 7
Vefsíða safnaráðs ..... 8
Málalykill safnaráðs og nýtt málakerfi ..... 8
Stefnumörkun um safnastarf – Aðgerðaráætlun ..... 8
Önnur verkefni og viðburðir safnaráðs ..... 10
Áframhaldandi samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs COVID-19 ..... 10
Málþing 9. maí – „Við tölum ekki um geymslur – heldur varðveisluhúsnæði!“ ..... 11
Alþjóðlegi safnadagurinn 18. maí og Íslensku safnaverðlaunin ..... 12
Ný safnaskilgreining samþykkt á Alheimsþingi ICOM ..... 13
Farskóli FÍSOS 2022 – Fagráðstefna safnafólks ..... 13
Dagsferð safnaráðs á Suðurland ..... 14
Samstarfsverkefni safnaráðs ..... 15
MOI! Museums of Impact ..... 15
Samstarf safnaráðs, ICOM á Íslandi og Félags íslenskra safna og safnmanna um skipulag fræðsluviðburða og verkefna um safnastarf. ..... 16
Samstarf við Hagstofu Íslands um tölfræðiupplýsingar um söfn ..... 16
Uppgjör safnasjóðs 2022 ..... 17
III. Safnasjóður 2022 ..... 18
Um safnasjóð ..... 18
Umsóknavefur safnasjóðs ..... 19
Mat umsókna ..... 19
Aðalúthlutun úr safnasjóði 2022 ..... 20
Styrkir til eins árs ..... 21
Öndvegisstyrkir ..... 21
Öndvegisstyrkþegar 2022 – 2024 ..... 22

Aukaúthlutun úr safnasjóði 2022 ..... 24
IV. Viðurkenning safna ..... 25
Skilmálar viðurkenningar safna ..... 25
Viðurkenning safna 2022 ..... 26
Stofnskrár viðurkenndra safna ..... 26
Listi yfir viðurkennd söfn 2022 ..... 27
V. Eftirlitshlutverk safnaráðs ..... 29
1. hluti eftirlits - Eftirlit með rekstri safns ..... 29
2. hluti eftirlits - Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum ..... 29
3. hluti eftirlits - Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum ..... 31
Málefni einstakra safna ..... 31
Nýting styrkja úr safnasjóði ..... 32
Nýtingarskýrslur styrkja úr aðalúthlutun ..... 32
Nýtingarskýrslur styrkja úr aukaúthlutun ..... 32
Viðauki – úthlutanir úr safnasjóði 2022 ..... 33
i. Listi yfir úthlutanir úr safnasjóði 2022 ..... 33
ii. Greining á úthlutun úr safnasjóði 2022 ..... 41
Skipting eftir úthlutunum ..... 42
Hvernig starfsemi styrkti safnasjóður 2022? ..... 42
iii. Safnasjóður 2002 - 2022 ..... 43

# Ávarp framkvæmdastjóra



Á árinu lauk COVID-19 takmörkunum og þar með erfiðu tímabili fyrir söfnin á landinu. Hins vegar gætti enn áhrifa heimsfaraldursins á safnastarfið og ýmsum styrkverkefnum, sem fengið höfðu frest, er ólokið.

Á þessu ári urðu mannabreytingar hjá forstöðumönnum í tveimur af höfuðsöfnunum. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður lét af störfum í apríl og Harpa Þórsdóttir var skipuð í hennar stað, hún tók til starfa í október sama ár. Þá var nýr safnstjóri Listasafns Íslands, Ingibjörg Jóhannsdóttir, skipuð í árslok.

Verkefni safnaráðs voru fjölbreytt á árinu; Í kjölfar útgáfu *Stefnumótunar um safnastarf 2021* hófst vinna við gerð aðgerðaráætlunar og var sú vinna langt komin í árslok 2022. Unnið var í samstarfi við Sjá ráðgjöf undir verkefnastjórn Jóhönnu Símonardóttur.

Safnaráð hélt málþing í samstarfi við ICOM á Íslandi og Félag íslenskra safna og safnmanna um varðveisluhúsnæði safna. Einnig tók ráðið þátt í Alheimsþingi ICOM í Prag í Tékklandi þar sem ný safnaskilgreining var samþykkt, Farskóli FÍSOS var haldinn á Hallormsstað að þessu sinni og safnaráð fór í hausheimsókn til þriggja safna á Suðurlandi. Evrópska samstarfsverkefnið MOI!, *Museums of Impact* lauk að mestu á árinu og mun íslensk útgáfa matsrammans koma út á næsta ári. Þau gleðiefni bárust á árinu að Ísland hefur nú staðfest Haagsamning UNESCO frá 1954 um vernd menningarverðmæta og mun ráðið undirbúa gerð viðbragðsáætlana safna á næsta ári.

Nýtt ráðuneyti tók til starfa á árinu, menningar- og viðskiptaráðuneyti og fluttist safnaráð til þessa nýja ráðuneytis í febrúar 2022 og er nú vísað í menningarráðherra sem yfirmann safnastarfs í landinu. Nýtt fjárlaganúmer er 16-210 og í kjölfar flutninga urðu breytingar varðandi rekstrarumhverfi ráðsins, m.a. greiðslufyrirkomulag o.fl.

Úr safnasjóði var úthlutað alls 224.413.000 kr. árið 2022, úr aðalúthlutun safnasjóðs í mars voru veittar 135.390.000 krónur og úr aukaúthlutun safnasjóðs í desember voru veittar 17.923.000 krónur. Eins árs styrkir voru 94 talsins að heildarupphæð 118.590.000 kr. til 45 styrkþega. Veittir voru 4 Öndvegisstyrkir fyrir árin 2022-2024, fyrir árið 2022 kr. 16.800.000, fyrir árið 2023 kr. 18.800.000 og fyrir árið 2024 kr. 11.300.000. Heildarupphæðin fyrir allan styrktímann er 46.900.000 kr. Öndvegisstyrkir fyrir 2020-2022 og 2021-2023 voru 23 talsins að heildarupphæð 71,1 milljón króna fyrir árið 2022.

Þóra Björk Ólafsdóttir

Framkvæmdastjóri safnaráðs



# I. Safnaráð - hlutverk og ráðsmenn

## Hlutverk ráðsins

Safnaráð er stjórnsýslunefnd sem skipuð er af menningarráðherra til fjögurra ára í senn samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa, Félag íslenskra safna og safnmanna einn fulltrúa og Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) einn fulltrúa. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður en varaformaður skal skipaður úr hópi nefndarmanna. Forstöðumenn höfuðsafna sitja fundi safnaráðs stöðu sinnar vegna.

Meginhlutverk safnaráðs er að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu, vinna að stefnumörkun um safnastarf, fjalla um stofnskrár og viðurkenningar safna og veita umsagnir um styrkumsóknir í safnasjóð.

Safnaráð hefur eftirfarandi hlutverk samkvæmt 7. gr. safnalaga nr. 141/2011:

a. að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu,
b. að vinna að stefnumörkun um safnastarf í samvinnu við höfuðsöfn sem send er ráðherra til samþykktar,
c. að fjalla um stofnskrár eða samþykktir safna og staðfesta þær,
d. að fjalla um viðurkenningu safna og afturköllun viðurkenningar áður en tillögur þar að lútandi eru sendar ráðherra,
e. að setja skilmála um húsnæði safna, þar á meðal staðla um aðgengi, og öryggismál þeirra,
f. að setja skilmála um staðla fyrir skráningarkerfi safna og viðurkenningu á skráningarkerfum,
g. að veita viðkomandi höfuðsafni umsögn um erindi er varða ráðstöfun eða förgun safngripa,
h. að leggja mat á þörf fagsviðs eða landsvæðis fyrir sérstakt ábyrgðarsafn og fjalla um tillögu þar að lútandi áður en höfuðsafn sendir hana ráðherra,
i. að setja safnasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
j. að veita umsögn um styrkumsóknir úr safnasjóði,
k. að sinna öðrum verkefnum á sviði safnamála samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

# Ráðsmenn og framkvæmdastjóri

Núverandi safnaráð var skipað í janúar 2021 og mun starfa til 31. desember 2024.

## Aðalfulltrúar

Formaður, skipaður af menningarráðherra án tilnefningar:
Vilhjálmur Bjarnason.

Varaformaður, skipaður af menningarráðherra án tilnefningar:
Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir.

Fulltrúi, skipaður af Sambandi íslenskra sveitarfélaga:
Inga Lára Baldvinsdóttir.

Fulltrúi, tilnefndur af Félagi íslenskra safna og safnmanna:
Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri.

Fulltrúi, tilnefndur af Íslandsdeild ICOM, Alþjóðaráðs safna:
Helga Lára Þorsteinsdóttir, safnafræðingur og safnstjóri RÚV safns.

## Varafulltrúar

Skipaðar af ráðherra án tilnefningar: Valborg Snævarr og Svanhvít Friðriksdóttir.

Sigurður Trausti Traustason, tilnefndur af Íslandsdeild ICOM, alþjóðaráðs safna.

Gunnþóra Halldórsdóttir, tilnefnd af Félagi íslenskra safna og safnmanna.

Anna Guðrún Björnsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

## Fyrir hönd höfuðsafna

Fyrir Þjóðminjasafn Íslands: Margrét Hallgrímsdóttir til apríl 2022. Ágústa Kristófersdóttir og Þorbjörg Gunnarsdóttir, tímabundið frá apríl - ágúst 2022. Harpa Þórsdóttir þjóðminjavörður frá september 2022.

Fyrir Listasafn Íslands: Harpa Þórsdóttir forstöðumaður til september 2022. Guðrún Jóna Halldórsdóttir, tímabundið frá september – desember 2022.

Fyrir Náttúruminjasafn Íslands: Hilmar Malmquist forstöðumaður.

## Framkvæmdastjóri og sérfræðingur safnaráðs

Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri - viðskiptafræðingur BSc., safnafræðingur MA.

Klara Þórhallsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu safnaráðs - BA í myndlist, diplóma í kennslufræðum.



Mynd 1- Safnaráð og framkvæmdastjóri ásamt forstöðumönnum Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands í heimsókn á Byggðasafni Árnesinga haustið 2022.



# II. Starf ráðsins á árinu 2022

## Fundir ráðsins

Safnaráð hélt alls tíu fundi á árinu. Fundargerðir safnaráðs eru aðgengilegar á vef ráðsins[1]-

**Eftirfarandi fundir voru haldnir árið 2022:**

210. fundur safnaráðs – 9. febrúar 2022, úthlutunarfundur aðalúthlutunar haldinn í Safnahúsinu
211. fundur safnaráðs – 24. febrúar 2022, haldinn í Safnahúsinu
212. fundur safnaráðs – 6. apríl 2022, haldinn í Safnahúsinu
213. fundur safnaráðs – 10. maí 2022, haldinn í Safnahúsinu
214. fundur safnaráðs – 9. júní 2022, haldinn í Safnahúsinu
215. fundur safnaráðs – 17. ágúst 2022, haldinn í Safnahúsinu
216. fundur safnaráðs – 26. september 2022, haldinn í Safnahúsinu
217. fundur safnaráðs – 25. október 2022, haldinn í Safnahúsinu
218. fundur safnaráðs – 12. desember 2022, haldinn í Safnahúsinu
219. fundur safnaráðs – 14. desember 2022, haldinn í Safnahúsinu

## Skrifstofa safnaráðs

Safnaráð rekur skrifstofu og framkvæmdastjóri og sérfræðingur safnaráðs sjá um allt er lýtur að rekstri hennar; veita innlendum og erlendum aðilum upplýsingar um safnamál, undirbúa og halda utan um umsóknarferli í safnasjóð, skipuleggja eftirlit safnaráðs og eftirfylgni við það, halda utan um starfshópa safnaráðs, sinna vefsíðu, Facebook-síðu, viðburðum og útgáfu, undirbúa ákvarðanir og fundi og sinna framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Starfsmenn safnaráðs eru tveir, Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri í 100% starfshlutfalli og Klara Þórhallsdóttir sérfræðingur í 40-50% starfshlutfalli.

Skrifstofa safnaráðs er í Gimli, Lækjargötu 3, 101 Reykjavík. Safnaráð leigir skrifstofuaðstöðu af Listahátíð í Reykjavík og kaupir tölvuþjónustu af Origo og Advania.

[1] Sjá fundargerðir safnaráðs: https://safnarad.is/um-safnarad/fundargerdir/arid-2022/

### Vefsíða safnaráðs

Vefsíða safnaráðs, https://safnarad.is/, er rekin í WordPress kerfi. Viðhaldi og ritstjórn er sinnt af framkvæmdastjóra og sérfræðingi safnaráðs.

Vefsíðan er uppfærð reglulega og á henni birtast allar fréttatilkynningar, auglýsingar og fundargerðir sem ráðið sendir frá sér. Síðan er upplýsingaveita um starfsemi ráðsins en þar er einnig að finna tengil á umsóknavef safnaráðs sem og skilmála og reglur sem snúa að umsóknum til ráðsins.

Safnaráð heldur einnig úti Facebook-síðu, þar sem helstu upplýsingar eru birtar varðandi starfsemi ráðsins: https://www.facebook.com/Safnarad

### Málalykill safnaráðs og nýtt málakerfi

Síðan 2021 hefur safnaráð unnið að innleiðingu á nýju skjalakerfi og þar á meðal þróað málalykil sem samræmist verkefnum safnaráðs. Samningur var gerður við Advania um skjalakerfið EasyCases sem er samþykkt til stafrænna skila til Þjóðskjalasafns Íslands, en eldra skjalakerfi ráðsins gerði það ekki. Til að aðlaga kerfið og málalykilinn sem best að verkefnum safnaráðs hefur þurft að endurvinna málalykilinn og gera breytingar á kerfinu og það hefur tekið lengri tíma en áætlað var í upphafi. Við vinnuna hefur verið farið eftir leiðbeiningum frá skjalastjóra Þjóðminjasafnsins og kerfið hefur verið í notkun frá ársbyrjun 2022.

## Stefnumörkun um safnastarf – Aðgerðaráætlun




Stefnumörkun um safnastarf[2] var samþykkt af ráðherra og gefin út í desember 2020. Stefnan nýtist til að skilgreina verkefni og ná utan um mikla ábyrgð safna, eigenda þeirra og eftirlitsaðila.

Í kjölfarið var hafist handa við að vinna aðgerðaráætlun sem er ætlað að fylgja Stefnumörkun um safnastarf eftir en einnig sem stuðningur við aðgerðaáætlun Menningarstefnu Íslands[3].

Fyrsti vinnustofufundurinn var haldinn á Farskóla safnmanna í Stykkishólmi í október 2021 og þar voru lögð drög að áframhaldandi vinnu. Á haustmánuðum 2022 var svo skipaður 8 manna starfshópur sem í sitja fulltrúar höfuðsafna, viðurkenndra safna auk fulltrúa safnaráðs.

Vinnuhópinn skipuðu:

- Ágústa Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri safneignar, Þjóðminjasafn Íslands
- Berglind Þorsteinsdóttir safnstjóri, Byggðasafn Skagfirðinga
- Dagný Heiðdal sérfræðingur, Listasafn Íslands
- Helga Lára Þorsteinsdóttir, fulltrúi í safnaráði, ICOM / RÚV
- Hjörtur Þorbjörnsson forstöðumaður, Grasagarður Reykjavíkur
- Hólmar Hólm kynningarfulltrúi, Hafnarborg - menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar

[2] Sjá á vef safnaráðs: https://safnarad.is/um-safnarad/stefnumorkun-um-safnastarf/

[3] Sjá á vef stjórnarráðsins: https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2021/09/24/Menningarsokn-adgerdaaaetlun-um-listir-og-menningu/

- Klara Þórhallsdóttir sérfræðingur, safnaráð
- Snæbjörn Guðmundsson sérfræðingur, Náttúruminjasafn Íslands
- Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri safnaráðs

Aðgerðaráætlunin er unnin í samstarfi safnaráðs og höfuðsafnanna, þar sem forstöðumenn þeirra fóru fyrir verkefninu, Harpa Þórsdóttir þjóðminjavörður, Þjóðminjasafni Íslands, Hilmar Malmquist forstöðumaður, Náttúruminjasafni Íslands og Ingibjörg Jóhannsdóttir safnstjóri, Listasafni Íslands.

Eins og í Stefnumörkuninni var haft ítarlegt samráð við hagaðila, bæði með fundarhöldum, kynningum undir stjórn ráðgjafarfyrirtækisins Sjá sem einnig hafði umsjón með vinnu við stefnumörkunina. Lögð var áhersla á að aðgerðirnar myndu endurspegla sjö megin-markmið Stefnumörkunar um safnastarf. Þar eru settar fram sex aðgerðir sem vinna að markmiðum stefnunnar og leggja jafnframt línurnar um áherslumál til næstu þriggja ára. Gildistími þessarar fyrstu aðgerðaráætlunar er 2023-2026. Að þeim tíma liðnum verður hún endurskoðuð og ný aðgerðaráætlun unnin. Lykilþættirnir eru fimm og geta tengst einum eða fleiri þáttum í senn.

Lykilþættir aðgerðaáætlunar eru eftirfarandi:

- ✓ Rekstraröryggi
- ✓ Efling þekkingar innan safna
- ✓ Faglegur aðbúnaður safnkosts
- ✓ Tengsl við samfélagið
- ✓ Sjálfbærni og varðveisla til framtíðar

# Önnur verkefni og viðburðir safnaráðs

## Áframhaldandi samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs COVID-19




Snemma á árinu 2022 varð ljóst að faraldurinn var á undanhaldi og takmörkunum var aflétt að fullu í febrúarlok. Þetta voru mikil gleðitíðindi fyrir söfnin í landinu sem höfðu þurft að bregðast við tilmælum og reglum stjórnvalda með tilheyrandi breytingum á starfshögum og nýjum áskorunum en sáu nú fram á betri tíð. Faraldurinn hefur þó haft lengri og meiri áhrif á framkvæmd þeirra verkefna sem sjóðurinn styrkti. Í mörgum tilfellum áttu styrkþegar í erfiðleikum með að hefja eða klára þau verkefni sem styrkir fengust fyrir úr safnasjóði og flest söfn þurftu á einhverjum tímapunkti að nýta sér frest á nýtingu styrkja, breyta nýtingu styrkja eða í ýtrustu tilfellum, afþakka veitta styrki. Safnasjóður sér fram á að ekki verði fullundið ofan af þessum frestunum og breytingum fyrr en í lok árs 2023.

JANÚAR Frá og með 15. janúar tók ný reglugerð gildi um takmörkun á samkomum vegna farsóttar og átti að gilda til 2. febrúar. Söfn máttu þá taka á móti 50 manns í hverju hólfi að börnum meðtöldum, grímuskylda var í gildi og 2ja metra fjarlægðarreglna. Fljótlega eða 29. janúar tóku nýjar reglugerðir gildi og var þá samkomutakmörkunum breytt enn á ný. Söfn máttu taka á móti 100 manns í hverju hólfi, grímuskylda var í gildi og eins metra fjarlægðarregla. Frétt hér.

FEBRÚAR Ný reglugerð tók svo gildi þann 12. febrúar og urðu almennar fjöldatakmarkanir 200 manns. Safnaráð fékk undanþágu frá reglugerð nr. 177/2022 frá heilbrigðisráðuneytinu fyrir hönd safna í landinu þannig að fyrri hámarkstakmarkanir giltu, 500 manns með ákveðnum skilyrðum. Frétt hér.

**Þann 25. febrúar** var svo öllum takmörkunum aflétt á landinu. Engin grímuskylda eða fjöldatakmarkanir giltu en hvatt til góðra sóttvarna, m.a. handsótthreinsanir við inngang og regluleg þrif á yfirborðsflötum. Frétt hér.

## Málþing 9. maí – „Við tölum ekki um geymslur – heldur varðveisluhúsnæði!“




„Við tölum ekki um geymslur – heldur varðveisluhúsnæði!“ var yfirskrift málþings sem var haldið í samstarfi safnaráðs, Íslandsdeildar ICOM og FÍSOS, Félags íslenskra safna og safnmanna í Safnahúsinu við Hverfisgötu þann 9. maí 2022.

Málþingið var afar vel sótt en því var jafnframt streymt á Facebook fyrir þá sem ekki áttu heimagengt. Fjallað var um eftirlit og stöðu á varðveislumálum safna vítt og breitt um landið auk þeirra áskorana sem söfnin standa frammi fyrir. Frummælendur komu úr ýmsum áttum og endurspegluðu þá víðtæku þekkingu og reynslu sem safnafólk landsins búa yfir. Fundarstjóri var Anita Elefsen, formaður FÍSOS og safnstjóri á Síldarminjasafni Íslands.

Dagskrá málþingsins:

- Af hverju er Safnaráð alltaf að skipta sér af? Um húsnæðismál, eftirlit og eftirfylgni
  Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs, Ingibjörg Áskelsdóttir, forvörður í eftirlitsnefnd safnaráðs og Lýður Pálsson, safnstjóri Byggðasafns Árnesinga.
- Sameiginlegt varðveisluhúsnæði – fýsilegur kostur?
  Steinunn María Sveinsdóttir, safnstjóri Flugsafns Íslands, Elsa Guðný Björgvinsdóttir, safnstjóri Minjasafns Austurlands og Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir, safnstjóri Tækniminjasafns Austurlands
- Um málefni safna á Vesturlandi
  Sigursteinn Sigurðsson, menningarfulltrúi Vesturlands
- Safnkostur í kössum
  Berglind Þorsteinsdóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga
- Staða varðveislumála hjá Náttúrufræðistofu Kópavogs
  Finnur Ingimarsson, forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs
- Museum Storage: Out of the Shadows
  Christine McLellan, Glasgow Museums Logistics & Programming Manager
- Hálfnað er verk þá hafið er – varðveislumál Listasafns Íslands
  Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands
- Nú verður allt betra – reynslan af nýju varðveisluhúsnæði Þjóðminjasafnsins á Tjarnarvöllum
  Ágústa Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri safneignar Þjóðminjasafns Íslands

## Alþjóðlegi safnadagurinn 18. maí og Íslensku safnaverðlaunin




Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn hátíðlegur 18. maí ár hvert en Alþjóðaráð safna, ICOM, hefur staðið fyrir safnadeginum síðan 1977.

Á ári hverju velur ICOM Alþjóðlega safnadeginum yfirskrift sem tengist málefnum í brennidepli í samfélaginu. Yfirskrift dagsins árið 2022 var „**Mikill er máttur safna** “.

**Íslensku safnaverðlaunin 2022** voru afhent í þrettánda sinn á Alþjóðlega safnadaginn, 18. maí, og hlaut Minjasafnið á Akureyri verðlaunin að þessu sinni.

Fimm söfn voru tilnefnd til verðlaunanna að þessu sinni. Auk Minjasafnsins á Akureyri voru Byggðasafnið í Görðum, Gerðarsafn, Hönnunarsafn Íslands og Síldarminjasafn Íslands tilnefnd. Verðlaunin eru veitt annað hvert ár og eru samstarfsverkefni Íslandsdeildar ICOM (Alþjóðaráðs safna) og Félags Íslenskra safna og safnmanna.



Mynd 2 - Starfsfólk Minjasafnsins á Akureyri tekur á móti safnaverðlaununum 2022

Í rökstuðningi fyrir tilnefningu Minjasafnsins á Akureyri segir: „Það er mat valnefndar að Minjasafnið á Akureyri haldi vel „lifandi" tengslum milli svæðisbundins menningararfs og samtímans með vel skipulagðri starfsemi og hafi margsýnt hvers samfélagslega rekin minjasöfn eru megnug og mikilvæg þegar þau eru vel mönnuð og vel er haldið utan um þau. Áhersla á samfélagsleg gildi og samstarf við hina ýmsu ólíku hópa og aðila skipar Minjasafninu á Akureyri í hóp fremstu safna á Íslandi í dag."[4].

[4] Sjá nánar á síðu FÍSOS: https://safnmenn.is/2022/05/20/minjasafnid-a-akureyri-hlaut-islensku-safnaverdlaunin-2022/

## Ný safnaskilgreining samþykkt á Alheimsþingi ICOM



Alheimsþing ICOM var haldið í Prag í Tékklandi 20. – 28. ágúst. Þar var ný safnaskilgreining samþykkt með standandi lófataki þátttakenda eftir nokkurra ára samþykktarferli, þar sem leitað var til allra undirdeilda ICOM.

Ný skilgreining er eftirfarandi:

> *"A museum is a not-for-profit, permanent institution in the service of society that researches, collects, conserves, interprets and exhibits tangible and intangible heritage. Open to the public, accessible and inclusive, museums foster diversity and sustainability. They operate and communicate ethically, professionally and with the participation of communities, offering varied experiences for education, enjoyment, reflection and knowledge sharing".* [5]

Íslandsdeild ICOM vann að íslenskri þýðingu á skilgreiningunni og lagði áherslu á að eiga opið samtal við fagvettvang safnafólks í þeirri vinnu auk þess að leita álits fræðafólks. M.a. var haldin vinnustofa á Fagráðstefnu safnamanna í september. Eftir víðtækt samráð var þýðingin svo tilbúin í desember 2022 og er eftirfarandi:

> *„Safn er varanleg stofnun, ekki rekin í hagnaðarskyni, sem þjónar samfélaginu með rannsóknum, söfnun, varðveislu, túlkun og miðlun á áþreifanlegri og óáþreifanlegri arfleifð. Söfn eru opin almenningi, aðgengileg og inngildandi og stuðla með því að fjölbreytileika og sjálfbærni. Í starfi sínu og virkum samskiptum við ólíka samfélagshópa hafa þau fagmennsku og siðferðileg gildi að leiðarljósi og bjóða upp á margvíslegar upplifanir í þágu menntunar, ánægju, ígrundunar og þekkingarauka."* [6]

## Farskóli FÍSOS 2022 – Fagráðstefna safnafólks



Mynd 3 - Úr Hallormsstaðaskógi

Farskóli FÍSOS 2022 fór fram dagana 21. - 23. september í fallegum haustlitum Hallormstaðarskógar. Farskólinn er árleg fagráðstefna safnafólks á Íslandi og í gegnum tíðina hefur ráðstefnan verið haldin víðsvegar um land og þá í samstarfi við heimafólk á hverju svæði. Að þessu sinni voru það fulltrúar Minjasafns Austurlands á Egilsstöðum, Tækniminjasafns Austurlands á Seyðisfirði og Safnastofnunar Fjarðabyggðar sem höfðu veg og vanda af skipulagningunni.

Yfirskriftin í ár var *Söfn á tímamótum* og á meðal umfjöllunarefna voru ný alþjóðleg safnaskilgreining, skráning ljósmynda, grisjunaráætlanir, safnfræðsla, umhverfismál, jafnrétti, varðveisla báta, tengsl safna og ferðaþjónustunnar og fleira. Þá voru söfn og sýningar á svæðinu heimsótt og safnaráð bauð upp á drykk í Minjasafni Austurlands á meðan farskólagestir skoðuð sýningarnar. Á Farskólanum var einnig haldinn aðalfundur Félags safna og safnmanna og safnaráð úthlutaði styrkjum til verkefna safna. Vel heppnaður farskóli eins og ávallt í góðum hóp safnamanna.

---

[5] Sjá á vef ICOM: https://icom.museum/en/resources/standards-guidelines/museum-definition/

[6] Sjá nánar á síðu Íslandsdeildar ICOM: https://icom.is/islensk-thyding-nyrrar-safnaskilgreiningar-icom/

## Styrkjaúthlutun safnaráðs



Mynd 4 - Lilja D. Alfreðsdóttir ásamt framkvæmdastjóra safnaráðs og styrkþegum Öndvegisstyrkja 2022.

Úthlutunarboð safnaráðs fór fram föstudaginn 23. september í Farskólanum þar sem Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, afhenti viðurkenningar til styrkþega í aðalúthlutun 2022[7].

Styrkþegar verkefnastyrkja úr safnasjóði fengu afhent viðurkenningarskjöl og voru verkefnin af fjölbreyttum toga, t.a.m. skráningar- og varðveisluverkefni, miðlunar- og safnfræðsluverkefni ásamt nokkrum rannsóknarverkefnum.

Veittir voru 94 styrkir til eins árs að heildarupphæð 118.590.000 kr. til 45 styrkþega. Heildarúthlutun aðalúthlutunar 2022 var 135.390.000 kr. og hefur því alls verið úthlutað 206.490.000 krónum úr safnasjóði árið 2022 með Öndvegisúthlutunum frá 2020-2022 og 2021-2023. Frekari upplýsingar um úthlutunina má finna hér.



Mynd 5 - Lilja D. Alfreðsdóttir ásamt framkvæmdastjóra safnaráðs og styrkþegum eins árs styrkja

## Dagsferð safnaráðs á Suðurland



Mynd 6 - Frá Byggðasafni Árnesinga

Þann 2. nóvember fór safnaráð í dagsferð um Suðurland og heimsótti þar þrjú söfn. Fyrst var Byggðasafn Árnesinga heimsótt, safnstjórinn Lýður Pálsson tók á móti hópnum og gaf ágrip af sögu safnsins. Safnaráð fékk því næst að skoða glæsileg varðveisluhúsnæði Byggðasafns Árnesinga í fylgd Lindu Ásdísardóttur og Ragnhildar Sigfúsardóttur. Veiðisafnið á Stokkseyri var næst heimsótt. Hjónin Páll Reynisson safnstjóri og Ragnheiður Ragnarsdóttir sögðu frá starfi safnsins og húsnæði þess, einnig voru skráningarmál safngripa, frágangur í varðveislurýmum og umhirða safnkosts til umfjöllunar.

Í lok vettvangsferðar var litið inn í Listasafn Árnesinga. Þar tók safnstjórinn Kristín Scheving á móti hópnum. Safnaráð fékk innlit í varðveislurými og vinnuaðstöðu starfsmanna. Að lokum leiddi Kristín hópinn um yfirstandandi sýningu, *Summa & Sundrung*, og sagði frá spennandi stórafmælisári safnsins 2023.

---

[7] Sjá styrkþega safnasjóðs 2002: https://safnarad.is/safnasjodur/uthlutanir-safnasjods/uthlutun-2022/

# Samstarfsverkefni safnaráðs

## MOI! Museums of Impact

Lokaskref á *MOI! Museums of Impact* verkefninu voru á árinu, en Safnaráð hefur frá 2019 verið þátttakandi í verkefninu sem er evrópskt samstarfsverkefni, styrkt af Creative Europe sjóðnum. Verkefnið miðar að því að þróa sjálfsmatsramma fyrir evrópsk söfn, byggt á kerfi sem Finnish Heritage Agency hefur notað fyrir viðurkennd finnsk söfn.



Mynd 7- Af vinnufundi með söfnum í Steiermark í Graz

Lokahnykkur verkefnisins frestaðist vegna heimsfaraldursins til loka árs 2022 og tók Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs þátt í og sótti fimm samstarfsfundi á árinu. Í mars var fundað í Graz, Austurríki þar sem grunnútgáfa af rammanum var prufukeyrð á söfnum í Steiermark-sambandslandinu, í maí var vinnufundur, málþing og hagsmunaaðila-kynning (Stakeholder Forum) í Aþenu, Grikklandi þar sem fjöldi grískra safna tók þátt og menningarráðherra Grikklands hafði forsögu. Í júní í Berlín, Þýskalandi var vinnufundur samstarfsaðila, í október í Faro, Portúgal var vinnufundur samstarfsaðila og lokafundur með ráðgjafastjórn. Einnig var kynning á MOI! á Evrópuráðstefnu NEMO og ramminn prufukeyrður með fjölda portúgalskra safna. Í nóvember í Helsinki, Finnlandi var lokafundur samstarfsaðila þar sem lögð var lokahönd á rammann og framhald á samstarfinu rætt.

Matsrammanum er ætlað að hjálpa söfnum að meta rekstur sinn á gagnrýninn og skapandi hátt og þróa getu sína til að mæta kröfum samfélagsins sem verður sífellt fjölbreyttara og stafrænna. Verkefnið má finna á heimasíðu NEMO og er öllum aðgengilegt: [https://www.ne-mo.org/about-us/resources/moi-self-evaluation-tool.html](https://www.ne-mo.org/about-us/resources/moi-self-evaluation-tool.html)

Ensk lokaútgáfa MOI! matsrammans var gefið út í byrjun árs 2023 en hún verður til á sjö tungumálum ásamt leiðbeiningum og kynningarefni. Í október 2022 var hafist handa við að grunnþýða allt efni yfir á íslensku sem var mikið verkefni, enda textinn hátt í 80 síður og mikið af nýyrðum. Lokaútgáfa til þýðingar kom í desember 2022 og íslensk útgáfa rammans verður tilbúin á árinu 2023.



Mynd 8 - Kynning á MOI! á ráðstefnu NEMO

### Eftirfarandi 11 evrópskar stofnanir eru samstarfsaðilar verkefnisins:




Finnish Heritage Agency (Museovirasto), Finnland sem stýrir verkefninu; BAM! Strategie Culturali, Ítalía; Hellenic Ministry of Culture and Sports (gríska menningar- og íþróttamálaráðuneytið), Grikkland; Deutscher Museumsbund /NEMO Network of Museum Organisations, Þýskaland; Museum of Cycladic Art, Grikkland; Estonian National Museum/Eesti Rahva Muuseum, Eistland; Finnish Museums Association, Finnland; European Museum Academy, Holland; Safnaráð, Ísland; Stiftung Preussischer Kulturbesitz SPK, Þýskaland og MUSIS Steirischer Museumsverband, Austuríki.



Mynd 9 – Samstarfsaðilar MOI! Á fundi í Portúgal

### Samstarf safnaráðs, ICOM á Íslandi og Félags íslenskra safna og safnmanna um skipulag fræðsluviðburða og verkefna um safnastarf.

Samstarfsaðilar funduðu nokkrum sinnum yfir árið og ákveðið var að halda málþing um varðveisluhúsnæði á árinu 2022., sjá „Málþing 9. maí – „Við tölum ekki um geymslur – heldur varðveisluhúsnæði!" á bls. 11.

### Samstarf við Hagstofu Íslands um tölfræðiupplýsingar um söfn

Safnaráð og Hagstofa Íslands gengu frá formlegu samstarfi um söfnun tölfræðilegra upplýsinga um safnastarf á Íslandi árið 2020. Samstarfið byggir á því að Hagstofan fái ákveðnar upplýsingar sem safnaráð fær frá viðurkenndum söfnum í *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna* og birtir undir Talnaefni á vefsíðu sinni. Einnig mun safnaráð fá aðgang að öðrum tölfræðilegum upplýsingum um safnastarfsemi á landinu sem Hagstofan safnar. Þetta er framfaraskref fyrir viðurkennd söfn þar sem þau þurfa ekki að skila sérstakri skýrslu til Hagstofunnar.

Hagstofan safnar tölulegum upplýsingum um íslenskt samfélag og má finna birtar upplýsingar um starfsemi safna á síðu Hagstofunnar[8]

[8] Sjá á vef Hagstofunnar: https://www.hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menning/sofn/

# Uppgjör safnasjóðs 2022

Árið 2022 hafði safnasjóður til umráða 254.558.589 kr. Fjárlög hljóðuðu upp á 257.500.000 kr., afskriftir voru 237.851 kr. og halli frá fyrra ári var -3.755.684 kr. Tekjur ársins eru 576.422 kr. en það er hlutagreiðsla vegna þátttöku safnaráðs í Evrópuverkefninu Museums of Impact, MOI.

Samtals bókuð heildargjöld safnasjóðs 2022 voru 259.073.358 kr. og er því niðurstaða ársins -4.514.769 kr. Allur halli sjóðsins er tekinn af fjárframlagi næsta árs en halli síðustu ára skýrist af því að þeir styrkir sem hefur verið skilað eða voru afþakkaðir á síðustu árum, hafa ekki verið gerðir upp. Heildarupphæð þeirra styrkja er að minnsta kosti 3.900.000 kr. Segja má að það henti sjóðnum betur að enda í einhverjum halla fremur en skila afgangi þar sem sjóðurinn má ekki færa afgang á milli ára nema að litlu leyti.

Í uppgjörinu er rekstri ráðsins skipt í launagjöld, annan rekstur og lögbundin hlutverk auk styrkja úr safnasjóði, sem voru rúmar 224 m.kr. Launagjöld safnaráðs eru laun og launatengd gjöld vegna starfsmanna og nefndarlaun safnaráðs. Launakostnaður var alls 19,5 m.kr. árið 2022. Hækkun á milli ára má skýra með auknu starfshlutfalli sérfræðings og aukins almenns launakostnaðar.

Kostnaður vegna annars reksturs og húsnæðisreksturs var um 8,8 m.kr. en sú upphæð nær yfir allan rekstur skrifstofu safnaráðs; húsnæðiskostnað, tölvubúnað, hugbúnað og hugbúnaðarrekstur, sérfræðikostnað ýmiss konar, kostnað og ferðakostnað vegna funda og starfsemi ráðsins, auglýsingakostnað vegna safnasjóðs auk kostnaðar vegna sérverkefna safnaráðs, þar með talinn kostnað vegna viðburða og útgáfu safnaráðs, ásamt öðrum ófyrirséðum kostnaði.

Kostnaður vegna lögbundins hlutverks safnaráðs árið 2022 var tæpar 6,3 m.kr. Þeir kostnaðarliðir, sem teljast til lögbundins hlutverks ráðsins, eru meðal annars eftirlit með viðurkenndum söfnum, kostnaður vegna yfirlesturs umsókna í safnasjóð auk ýmiss fræðslukostnaðar, svo sem efni fyrir vefsíðu sjóðsins.

| Safnasjóður 2022 | | |
|---|---|---|
| | **Heimild** | **Greitt** |
| **Fjárheimildir** | | |
| Fjárlög | 257.500.000 | |
| Framlag til afskrifta | 237.851 | |
| Flutt frá fyrra ári | -3.755.684 | |
| **Tekjur** | | |
| **Tekjur MOI** | 576.422 | |
| **Samtals heimild 2022** | **254.558.589** | |
| **Kostnaður** | | |
| Greidd laun, fæðispeningar, launatengd gjöld | | 19.515.369 |
| Lögbundin hlutverk safnaráðs | | 6.274.470 |
| Annar rekstur | | 7.083.854 |
| Húsnæðiskostnaður skrifstofu safnaráðs | | 1.786.665 |
| **Styrktilfærslur 2022** | | |
| Samtals bókaðir styrkir 2022 | | 224.413.000 |
| **Samtals greitt og bókað 31. desember 2022** | | **259.073.358** |
| | | |
| **Eftirstöðvar:** | | **-4.514.769** |



# III. Safnasjóður 2022

Heildarúthlutun úr safnasjóði 2022 var 224.413.000 kr. í tveimur úthlutunum og veittir voru alls 179 styrkir.

**Í aðalúthlutun safnasjóðs árið 2022** í mars voru veittar alls 135.390.000 krónur, 94 styrkir til eins árs að heildarupphæð 118.590.000 kr. til 45 styrkþega.

Veittir voru 4 Öndvegisstyrkir til viðurkenndra safna sem skiptast svo: Fyrir árið 2022 kr. 16.800.000, fyrir árið 2023 kr. 18.800.000 og fyrir árið 2024 kr. 11.300.000. Heildarupphæðin fyrir allan styrktímann er 46.900.000 kr. Úthlutanir fyrir árin 2023 og 2024 eru veittar með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs.

Öndvegisstyrkir 2020-2022 fyrir árið 2022 voru 13 talsins og styrkupphæð fyrir árið 2022 er 35.000.000 kr. Öndvegisstyrkir 2021-2023 fyrir árið 2022 voru 10 talsins og styrkupphæð fyrir árið 2022 samtals 36.100.000 kr.

Í aðalúthlutun safnasjóðs 2022 bárust sjóðnum alls 169 umsóknir frá 52 aðilum, frá 46 viðurkenndum söfnum auk átta annarra aðila. 158 umsóknir bárust um styrki til eins árs að heildarupphæð 272.836.113 kr. og 11 Öndvegisumsóknir bárust að heildarupphæð 123.336.000 kr. fyrir allan styrktímann 2022 – 2024 og fyrir árið 2022, 43.058.000 kr.

**Í aukaúthlutun safnasjóðs 2022** í desember voru veittir alls 58 styrkir að heildarupphæð 17.923.000 krónur.

## Um safnasjóð

Hlutverk og tilgangur safnasjóðs er að efla starfsemi safna með styrkjum en menningarráðherra úthlutar styrkjum úr safnasjóði að fengnum tillögum safnaráðs. Viðurkennd söfn geta sótt um styrki til skilgreindra verkefna, einnig getur safnasjóður styrkt aðra starfsemi til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins og miðlun upplýsinga um þær. Önnur söfn, safnvísar, setur og sýningar geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn.

Við úthlutun úr safnasjóði er farið eftir safnalögum nr. 141/2011[9] og, úthlutunarreglum safnasjóðs[10] Einnig er fylgt verklagsreglum[11] við mat á umsóknum úr safnasjóði. Ekki er sjálfkrafa gerð tillaga um styrk til allra umsækjenda sem uppfylla skilyrði laga um viðurkennd söfn heldur munu upphæðir og fjöldi styrkja ráðast af ráðstöfunarfé sjóðsins, fjölda og gæðum umsókna.

Verklagi við úthlutun úr safnasjóði var breytt í lok ársins 2019 og tók gildi frá og með styrkveitingum 2020. Frá og með aðalúthlutun safnasjóðs 2020 varð sú breyting á að úthlutun úr sjóðnum er óskipt. Fallið var frá notkun hugtakanna „rekstrar- og verkefnastyrkir" og þess í stað eru veittir styrkir til eins árs úr safnasjóði í ákveðnum flokkum, þar sem einn flokkurinn fylgir reglum um rekstrarstyrki, aðrir flokkar fylgja reglum um verkefnastyrki. Ný styrktegund var einnig kynnt til sögunnar, *Öndvegisstyrkir* og eru þeir veittir til **2-3 ára**. Einungis viðurkennd söfn geta sótt um Öndvegisstyrki úr safnasjóði og eru ríkari kröfur gerðar til umsókna um þá styrki.

Að jafnaði er úthlutað úr safnasjóði tvisvar sinnum á ári, **aðalúthlutun úr safnasjóði** sem er í upphafi árs og svo **aukaúthlutun safnasjóðs** í lok árs.

## Umsóknavefur safnasjóðs

Sótt er um alla styrki í gegnum umsóknavef safnaráðs [12] auk þess sem skilaskýrslum um nýtingu styrkja er skilað þar. Vefsíða og eyðublöð safnaráðs eru í stöðugri þróun til að tryggja aðgengi og öryggi. Vefurinn byggir á kerfinu *FocalForms* frá Origo, það hefur verið í notkun frá árinu 2016 og hefur reynst vel. Þetta er rafrænt umsóknakerfi og til að gæta fyllsta öryggis skrá umsækjendur sig inn í gegnum Ísland.is með rafrænum skilríkjum eða Íslykli. Þessi aðgangur uppfyllir öryggisskilmála og umsjón með honum er í höndum Þjóðskrár. Kerfið er einfalt og er sá möguleiki fyrir hendi að umsækjendur geti vistað umsóknir sínar og verið með fleiri en eina umsókn í vinnslu í einu auk þess sem umsækjendur geta fundið fyrri umsóknir sínar og skilaskýrslur. Það auðveldar umsækjendum yfirlestur umsókna og samræmingu. Fyrir safnaráð er ótvíræður kostur að geta nálgast allar umsóknir og skil safna á einum stað auk þess sem hægt er að kalla fram excel-skjöl umsókna og skilaskýrslna sem auðveldar til muna alla eftirvinnu.

## Mat umsókna

Í matsnefnd umsókna sitja aðalfulltrúar safnaráðs og ef aðalmaður er vanhæfur, þá varamenn. Árið 2022 mátu umsóknir þau Vilhjálmur Bjarnason, Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, Helga Lára Þorsteinsdóttir og Inga Lára Baldvinsdóttir, aðalmenn í safnaráði.

Fjórir fundir voru haldnir vegna aðalúthlutunar fyrir úthlutunarfundinn en fyrir aukaúthlutun var einn fundur haldinn fyrir úthlutunarfundinn.

---

[9] Sjá á vef Alþingis: https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html

[10] Sjá á vef safnaráðs: https://safnarad.is/safnasjodur/uthlutunarreglur/

[11] Sjá á vef safnaráðs: https://safnarad.is/safnasjodur/verklagsreglur/

[12] Sjá á vef safnaráðs: https://safnarad.is/umsoknavefur/




## Aðalúthlutun úr safnasjóði 2022

Umsóknarfrestur fyrir aðalúthlutun safnasjóðs 2022 var 30. nóvember 2021. Auglýst var í dagblöðum (Morgunblaðinu og Fréttablaðinu) auk þess sem auglýsingar voru keyptar á samfélagsmiðlinum Facebook.

Einnig voru tilkynningar sendar á tölvupósthópa safnaráðs, á lista safnmanna og tilkynningar voru birtar á vef safnaráðs og fleiri.

Hægt var að sækja um styrki til eins árs eða Öndvegisstyrki.

Menningarráðherra úthlutaði aðalúthlutun safnasjóðs 2022 í mars.

Yfirlit um styrki úr safnasjóði 2022 má finna í viðauka A.

Safnaráð hélt stafrænan kynningarfund um aðalúthlutunina í nóvember 2022 og var hann vel sóttur.

## Styrkir til eins árs

Viðurkennd söfn geta sótt um styrki til eins árs[13] auk þess sem önnur söfn, höfuðsöfn, safnvísar, setur og sýningar geta sótt um úthlutun úr safnasjóði í samstarfi við viðurkennd söfn, þar sem viðurkennda safnið er ábyrgðaraðili. Sjóðnum er einnig heimilt að styrkja aðra starfsemi til að efla faglegt safnastarf, m.a. rannsóknir á starfssviði sjóðsins og miðlun upplýsinga um þær. Verkefnastyrkir sem og rekstrarstyrkir eru hluti af styrkjum til eins árs.

Sótt er um einn aðalflokk styrks í styrkumsókn. Styrkflokkarnir eru níu talsins, við mat á umsóknum í öllum flokkum nema einum er fylgt eftir reglum um verkefnastyrki sem fram koma í safnalögum nr. 141/2011 og úthlutunarreglum safnasjóðs nr. 551/2016. Í einum flokki, *Efling grunnstarfsemi,* er farið eftir umsóknar- og úthlutunarreglum um rekstrarstyrki sem fram koma í safnalögum nr. 141/2011 og úthlutunareglum safnasjóðs nr. 551/2016.

Flokkarnir eru:

a. Söfnun
b. Skráning
   i. Skráning – almenn
   ii. Skráning – höfundarréttur
c. Varðveisla
d. Rannsóknir
e. Miðlun
   i. Miðlun – Sýning
   ii. Miðlun – Útgáfa
   iii. Miðlun – Stafræn miðlun
   iv. Miðlun – Önnur
f. Safnfræðsla
g. Samstarf viðurkennds safns við safnvísa, setur, sýningar, höfuðsöfn og önnur söfn sem eru rekin af ríkinu
h. Annað

## Öndvegisstyrkir

Öndvegisstyrkir[14] eru styrkir sem úthlutað er til 2-3 ára með fyrirvara um fjármögnun sjóðsins. Einungis viðurkennd söfn geta sótt um Öndvegisstyrki úr safnasjóði.

Hægt er að sækja um allt að 15 milljónir króna sem dreift er yfir styrktímann. Gerðar eru kröfur um greinargóðar og vel undirbúnar umsóknir og um framlag umsækjanda. Þá er krafa um staðfestingu á öðrum styrktaraðilum og í hverju aðkoma þeirra felst (t.d. fjárframlag, vinnuframlag og til hvaða hluta verkefnis styrkurinn rennur). Þá ber að geta safnasjóðs sem styrktaraðila. Styrkþegar og safnaráð gera samning sín á milli um styrkinn og skila styrkþegar áfangaskýrslu um framvindu styrksins á ári hverju.

Árið 2022 var þriðja árið sem veittir voru Öndvegisstyrkir úr safnasjóði. 11 Öndvegisumsóknir bárust að heildarupphæð kr. 123.336.000 fyrir allan styrktímann 2022 – 2024 og fyrir árið 2022 kr. 43.058.000.

---

[13] Sjá á vef safnaráðs: https://safnarad.is/safnasjodur/adaluthlutun-safnasjods/

[14] Sjá á vef safnaráðs: https://safnarad.is/safnasjodur/adaluthlutun-umsoknir-til-2-3-ara-ondvegisstyrkur/

Öndvegisstyrkir 2022-2024 til viðurkenndra safna voru fjórir talsins og skiptast svo: Fyrir árið 2022 kr. 16.800.000, fyrir árið 2023 kr. 18.800.000 og fyrir árið 2024 kr. 11.300.000. Heildarupphæðin fyrir allan styrktímann er kr. 46.900.000. Úthlutanir fyrir árin 2023 og 2024 eru veittar með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs.

## Öndvegisstyrkþegar 2022 – 2024

### Borgarsögusafn Reykjavíkur í samstarfi við fleiri viðurkennd söfn og Rekstrarfélag Sarps
*Sarpur: Uppfærsla menningarsögulegs skráningar- og umsýslukerfis.*

Heildarstyrkur er 14.400.000 kr. og skiptist jafnt á þrjú ár eða kr. 4.800.000 á ári, með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs.

Styrkurinn verður nýttur við uppfærslu á skráningar- og umsýslukerfinu Sarpi sem 60 söfn og aðrar varðveislustofnanir á Íslandi nota til að halda utan um safnkost sinn og miðla upplýsingum til fræðimanna og almennings. Kerfið heldur utan um skráningu listaverka, muna, jarðfundinna gripa, ljósmynda og þjóðhátta, svo fátt eitt sé nefnt.

Núverandi kerfi svarar ekki kröfum nútímans um stafræna vinnslu og miðlun gagna og kominn tími til að endurnýja kerfið og efla það enn frekar. Sarpur er lykilverkfæri í safnastarfi þar sem vönduð skráning skapar undirstöðu fyrir rannsóknir, sýningar og aðra miðlun. Skráning menningararfsins eykur gildi hans og eru það oft upplýsingarnar sem fylgja aðfangi eða safngrip sem gerir þau verðmæt og þýðingamikil fyrir sögu okkar og rannsóknir á henni.

Með nýju og öflugra kerfi opnast nýir möguleikar og það leiðir af sér aukna skilvirkni og bætta gæðamenningu. Möguleikar til að birta hljóð- og myndbandsupptökur, þrívíddarmyndir, módel og fleira verða stórbættir. Stefnt er að því að gera menningarsögulega gagnasafnið Sarp að öflugu tæki til rannsókna og miðlunar á íslenskri menningu, list, samfélagi og sögu.

### Landbúnaðarsafn Íslands
*Saga laxveiða í Borgarfirði.*

Heildarstyrkurinn er 11.500.000 kr. og skiptist á þrjú ár, fyrir árið 2022 kr. 3.000.000, 2023 kr. 4.000.000 og lokaárið 2024 kr. 4.500.000 kr., með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs.

Verkefnið miðar að því að safna heimildum og rannsaka sögu laxveiða í Borgarfirði. Um er að ræða bæði efnislegar og munnlegar heimildir sem eru líklegar til að styrkja rannsókn á merkilegri sögu laxveiða í héraðinu. Markmið rannsóknarinnar er að leiða fram mikilvægi þessara atvinnugreinar fyrir byggðalag eins og Borgarfjörð og hvaða áhrif hún hafði á byggðaþróun á svæðinu. Lögð verður áhersla á varðveislu sögunnar sem þessu tengist, frásagna og gripa sem eru hluti af laxveiðum í héraði og á að miðla þeirri þekkingu út í samfélagið. Óhætt er að segja að um sé að ræða mikilvægan menningararf sem er líklegur til að opna nýja sýn bæði á líf heimamanna í héraðinu og samskipti þeirra við innlenda og erlenda gesti sem sóttu þá heim. Hugmyndin er að miðla fjölbreyttu efni með útgáfu bókar, stuttra greina og á stafrænan hátt. Lokaafurðin er sýning sem sett verður upp í húsnæði Landbúnaðarsafnsins.

Listasafn Einars Jónssonar

*100 ára afmæli fyrsta listasafns landsins sem opnað var almenningi í eigin húsnæði.*

Heildarstyrkurinn 11.000.000 kr. og skiptist á þrjú ár, fyrir árið 2022 kr. 4.000.000, 2023 kr. 5.000.000 og lokaárið 2024 kr. 2.000.000 kr., með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs.

Megininntak verkefnisins er að halda veglega upp á 100 ára afmæli Listasafns Einars Jónssonar þann 24. júní 2023 og slá þar með nýjan tón í starfsemi safnsins á nýrri starfsöld gagnvart safngestum. Jafnframt að vekja jákvæða athygli á safninu þannig að hagur þess sem almenningsstofnun og orðspor verði efld. Fyrirhugað er að halda upp á þessi merku tímamót með fjölbreyttum hætti og nota tækifærið til að efla ýmsa þætti safnastarfsins, svo sem skráninga- og varðveislumál og safnfræðslu.

Safnið var gefið íslensku þjóðinni af myndhöggvaranum Einari Jónssyni (1874-1954) með bréfi hans til Alþingis árið 1909. Einar Jónsson var frumkvöðull á sviði högg-myndalistar og er jafnvel sagður hafa lagt grunn að íslenskri myndlist. Safnið hýsir vinnustofur myndhöggvarans frá fyrri tíð ásamt fyrstu þakíbúð Reykjavíkur sem áður var hluti af heimili Einars og Önnu og er nú varðveitt sem slíkt. Sýningarrými safnsins eru magnþrungin og söguleg.

Tækniminjasafn Austurlands

*Heildarúttekt, grisjun og skráning safnkosts.*

Heildarstyrkurinn 10.000.000 kr. og skiptist á þrjú ár, fyrir árið 2022 kr. 5.000.000, 2023 kr. 5.000.000, með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs

Tækniminjasafn Austurlands varð, eins og alkunna er, illa úti í skriðuföllunum á Seyðisfirði í desember 2020. Fasteignir þess eyðilögðust og stór hluti safnkostsins varð fyrir skriðunni. Neyðarverkefni fór af stað í samstarfi við fjölda aðila undir hand-leiðslu Þjóðminjasafnsins þar sem nýtanlegum gripum var komið í skjól í tíma-bundnu geymsluhúsnæði.

Sú fordæmalausa staða sem safnið stendur frammi fyrir er gríðarstórt verkefni. Gera þarf heildarúttekt á þeim safnkosti sem eftir stendur með markvissri ákvörðunartöku um hvað skuli varðveita og hvað ekki. Þetta er eitt stærsta verkefni á Íslandi er varðar endurskoðun á safnkosti. Vinna þarf að grisjunaráætlun, hanna verkferla við grisjun, gera förgunarstefnu og sníða verkferla um endurnýtingu muna sem verða grisjaðir.

Um er að ræða nýsköpunarverkefni á Íslandi en álitamál um grisjun safna hafa verið mikið til umræðu á hér á landi og erlendis. Um er að ræða nýnæmi í uppvinnslu og endurnýtingu gripa á Íslandi sem er safninu nauðsynlegt fyrir endurreisn þess en það hefur alla burði til að verða mikið aðdráttarafl fyrir austfirska ferðaþjónustu.

# Aukaúthlutun úr safnasjóði 2022

Í aukaúthlutun safnasjóðs árið 2022 gátu viðurkennd söfn sótt um styrki til símenntunarverkefna og til stafrænna kynningarmála. Umsóknarfrestur var til 5. desember 2022.

Menningarráðherra úthlutaði, að fenginni umsögn safnaráðs, 17.923.000, kr. í aukaúthlutun safnasjóðs en 58 styrkjum var úthlutað til 38 viðurkenndra safna, 35 styrkir eru til símenntunarverkefna og námskeiðahalds og 23 styrkir til annarra verkefna.

**Styrkir til stafrænna kynningarmála.** Tilgangur með þessum styrkjum er að efla stafræna kynningu safnanna, hvort sem það er á samfélagsmiðlum eða á eigin heimasíðum. Lögð er áhersla á að styrkurinn efli safnið sem viðkomustað fyrir gesti eða kynni starfsemi safnsins. Hægt var að sækja um styrki t.d. til að framleiða efni til birtingar (e. content), til að kosta birtingu, til að fá utanaðkomandi þjónustu, til að efla kynningu á samfélagsmiðlum eða heimasíðum eða til kynningar á starfsemi safnsins svo fátt eitt sé nefnt. Hámarksstyrkur var 300.000 kr.

**Styrkir til símenntunar.** Tilgangur með þessum styrkjum er að styrkja faglegt starf safnanna og efla þátt símenntunar. Fernir styrkflokkar eru í boði, *Símenntun fyrir starfsmenn safns*, *Vistaskipti milli safna*, *Námskeið/fyrirlesarar – Söfn sækja ein* og svo *Námskeið/fyrirlesarar–Samstarfsverkefni viðurkenndra safna*. Hámarksstyrkur var 300.000 kr. en 600.000 kr. til samstarfsverkefna safna vegna *Námskeiða/fyrirlesara*.



# IV. Viðurkenning safna

## Skilmálar viðurkenningar safna

Menningarráðherra veitir safni viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs. Öll söfn utan höfuðsafna þurfa að sækja um viðurkenningu, vilji þau falla undir ákvæði safnalaga nr. 141/2011. Skilyrði viðurkenningar safna eru eftirfarandi samkvæmt 10. gr. safnalaga:

1. Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni.
2. Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Reikningar safns skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Það skal árlega senda skýrslu um starfsemi sína og fjárhagslegt uppgjör til safnaráðs.
3. Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest, sbr. 7. gr. Í stofnskrá eða samþykkt skal tilgreina viðfangsefni og starfssvæði safnsins. Stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.
4. Safn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi. Upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.
5. Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku.
6. Aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
7. Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.
8. Forstöðumaður safns skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.

## Viðurkenning safna 2022

Skilmálar safnaráðs fyrir viðurkenningu safna samkvæmt 10. gr. safnalaga voru staðfestir árið 2013. Auglýst er árlega eftir umsóknum um viðurkenningu og var umsóknarfrestur til 15. september 2022. Ekkert safn sótti um viðurkenningu að þessu sinni.

## Stofnskrár viðurkenndra safna

Samkvæmt safnalögum tekur safnaráð við stofnskrám til staðfestingar frá söfnum sem sækjast eftir viðurkenningu og eins ber viðurkenndum söfnum að senda stofnskrár sínar til samþykktar hjá ráðinu, verði gerðar á þeim breytingar. Safnaráð fer nú eftir nýjum gátlista við mat á umsóknum um viðurkenningu.

Samkvæmt safnalögum ber að birta staðfestar stofnskrár viðurkenndra safna í B-deild Stjórnartíðinda og hafa nokkrar stofnskrár verið endurbirtar að beiðni Stjórnartíðinda.

Þrjár stofnskrár voru sendar til birtingar í Stjórnartíðindum 2022, í öllum tilfellum var það vegna breytinga á samþykktum eða stofnskrám. Um er að ræða stofnskrár Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar, Flugsafns Íslands og Sagnheimar - Byggða- og náttúrugripasafn.

Í samræmi við 9. gr. safnalaga fá viðurkennd söfn að nota einkennismerki safnaráðs sem er byggt á merki ráðsins. Einar Gylfason hannaði merkið. Viðurkenndum söfnum er heimilt að nota merkið í kynningu á starfsemi sinni.

## Listi yfir viðurkennd söfn 2022

| Viðurkennt safn | Tegund | Landshluti |
|---|---|---|
| Borgarsögusafn Reykjavíkur | Menningarminjasafn | Höfuðborgarsvæðið |
| Byggðasafn Árnesinga | Menningarminjasafn | Suðurland |
| Byggðasafn Borgarfjarðar | Blönduð starfsemi | Vesturland |
| Byggðasafn Dalamanna | Menningarminjasafn | Vesturland |
| Byggðasafn Garðskaga | Menningarminjasafn | Suðurnes |
| Byggðasafn Hafnarfjarðar | Menningarminjasafn | Höfuðborgarsvæðið |
| Byggðasafn Húnvetninga og Stranda-manna | Menningarminjasafn | Norðurland |
| Byggðasafn Reykjanesbæjar | Menningarminjasafn | Suðurnes |
| Byggðasafn Skagfirðinga | Menningarminjasafn | Norðurland |
| Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla | Menningarminjasafn | Vesturland |
| Byggðasafn Vestfjarða | Menningarminjasafn | Vestfirðir |
| Byggðasafnið Görðum, Akranesi | Menningarminjasafn | Vesturland |
| Byggðasafnið Hvoll | Menningarminjasafn | Norðurland |
| Byggðasafnið í Skógum | Menningarminjasafn | Suðurland |
| Flugsafn Íslands | Menningarminjasafn | Norðurland |
| Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs | Listasafn | Höfuðborgarsvæðið |
| Gljúfrasteinn – hús skáldsins | Menningarminjasafn | Höfuðborgarsvæðið |
| Grasagarður Reykjavíkur | Náttúruminjasafn | Höfuðborgarsvæðið |
| Hafnarborg | Listasafn | Höfuðborgarsvæðið |
| Heimilisiðnaðarsafnið | Menningarminjasafn | Norðurland |
| Hvalasafnið á Húsavík | Náttúruminjasafn | Norðurland |
| Hönnunarsafn Íslands | Menningarminjasafn | Höfuðborgarsvæðið |
| Iðnaðarsafnið, Akureyri | Menningarminjasafn | Norðurland |
| Kvikmyndasafn Íslands | Menningarminjasafn | Höfuðborgarsvæðis |
| Landbúnaðarsafn Íslands | Menningarminjasafn | Vesturland |
| Listasafn ASÍ | Listasafn | Höfuðborgarsvæðið |
| Listasafn Árnesinga | Listasafn | Suðurland |
| Listasafn Einars Jónssonar | Listasafn | Höfuðborgarsvæðið |
| Listasafn Háskóla Íslands | Listasafn | Höfuðborgarsvæðið |
| Listasafn Reykjanesbæjar | Listasafn | Suðurnes |
| Listasafn Reykjavíkur | Listasafn | Höfuðborgarsvæðið |
| Listasafnið á Akureyri | Listasafn | Norðurland |
| Menningarmiðstöð Hornafjarðar | Blönduð starfsemi | Suðurland |
| Menningarmiðstöð Þingeyinga | Blönduð starfsemi | Norðurland |
| Minjasafn Austurlands | Menningarminjasafn | Austurland |

| Viðurkennt safn | Tegund | Landshluti |
|---|---|---|
| Minjasafn Egils Ólafssonar | Menningarminjasafn | Vestfirðir |
| Minjasafnið á Akureyri | Menningarminjasafn | Norðurland |
| Minjasafnið á Bustarfelli | Menningarminjasafn | Austurland |
| Náttúrufræðistofa Kópavogs | Náttúruminjasafn | Höfuðborgarsvæðið |
| Nýlistasafnið | Listasafn | Höfuðborgarsvæðið |
| Safnasafnið | Listasafn | Norðurland |
| Sagnheimar - Byggðasafn og Náttúrugripasafn | Menningarminjasafn | Suðurland |
| Sauðfjársetur á Ströndum | Menningarminjasafn | Vestfirðir |
| Síldarminjasafn Íslands | Menningarminjasafn | Norðurland |
| Sjóminjasafn Austurlands | Menningarminjasafn | Austurland |
| Tækniminjasafn Austurlands | Menningarminjasafn | Austurland |
| Veiðisafnið | Náttúruminjasafn | Suðurland |



# V. Eftirlitshlutverk safnaráðs

Eitt megin hlutverk safnaráðs samkvæmt safnalögum er að hafa eftirlit með viðurkenndum söfnum sem starfa eftir skilmálum safnaráðs um starfsemi viðurkenndra safna.

Samkvæmt samþykkt safnaráðs er eftirlit þess með viðurkenndum söfnum þríþætt en einnig teljast skýrslur um nýtingu styrkja úr safnasjóði hluti af eftirliti safnaráðs. Eftirlit safnaráðs með viðurkenndum söfnum skiptist í:

1. Eftirlit með rekstri safns.
2. Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum.
3. Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum.

## 1. hluti eftirlits - Eftirlit með rekstri safns

Eftirlit með rekstri safns er árlegt eftirlit sem er framfylgt með því að viðurkennd söfn skila *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna* til safnaráðs líkt og þeim ber skylda til samkvæmt safnalögum. Á árinu 2022 skiluðu söfnin skýrslu vegna rekstrarársins 2021 og var skilafrestur 30. september 2022. Gögn, sem safnað er með þessum hætti, nýtast ráðinu bæði við eftirlit með starfi viðurkenndra safna og til að fá yfirsýn yfir safnastarf í landinu.

## 2. hluti eftirlits - Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum

Öðrum hluta eftirlitsins var ýtt úr vör á árinu 2016. Eftirlitið er framkvæmt af eftirlitsnefnd safnaráðs og er verkferlið nú þróað í samstarfi við hana.

Ferlið við þennan hluta eftirlitsins er með þeim hætti að viðurkennd söfn skila eftirlitseyðublöðum til safnaráðs um húsnæði safns og aðbúnað gripa, skilað er bæði gögnum fyrir sýningarhúsnæði sem og varðveisluhúsnæði. Í kjölfarið fá söfnin matsskýrslu eftirlitsnefndar með athugasemdum og tillögum að úrbótum.

Úrbótum er skipt í þrjá flokka eftir eðli og kostnaði. Safn fær 12 mánuði til að bregðast við úrbótum sem að mati eftirlitsaðila eru ekki kostnaðarsamar. Safn fær tvö til fimm ár til að bregðast við úrbótum sem teljast viðameiri. Eftirlitinu lýkur svo með heimsókn eftirlitsaðila úr nefndinni og því getur ferlið tekið nokkur ár. Verkferlið við lokaheimsóknina var unnið

árið 2020 og átti að hefjast það ár en vegna heimsfaraldursins Covid frestuðust heimsóknir til 2021. Þá tókst að skipuleggja tvær heimsóknir.

Ef safnaráð og eftirlitsnefndin telja að safnið hafi staðist eftirlitið, fær það tilkynningu þess efnis. Ef frekari úrbætur eru nauðsynlegar, eru næstu skref metin af safnaráði. Hægt er að lesa nánar um ferlið á vef safnaráðs[15] .

### Staðan á 2. hluta eftirlits 2022

Á árinu 2022 fengu alls 25 söfn heimsókn eftirlitsaðila. Hins vegar voru aðeins 13 söfn af þeim 25 sem lokið gátu 2. hluta eftirlits en 12 söfn gátu ekki lokið þessum kafla eftirlits af ýmsum ástæðum, í langflestum tilvikum var um að ræða ófullnægjandi varðveislurými. Sem dæmi má nefna safn á höfuðborgarsvæðinu þar sem flest atriði voru fullnægandi en varðveisluhúsnæðinu var ábótavant þar sem um samnýtta geymslu með öðrum stofnunum bæjarins var að ræða. Það stenst ekki öryggis- og varðveislukröfur safnaráðs.

Annað dæmi er um safn utan höfuðborgarsvæðis sem fékk eftirlitsheimsókn en þá var ekki fullljóst hvar langtíma varðveislurými yrði staðsett. Rýmið sem safnið fékk til umráða reyndist óviðunandi og voru því starfsmenn önnum kafnir við að finna út úr varðveislumálum safnsins. Fleiri söfn stóðu frammi fyrir samskonar vanda.

Í ljósi þess hve mörg söfn gátu ekki lokið 2. hluta eftirlitsins, voru gerðar viðbætur á eftirlitseyðublaðinu með þrepum sem tilgreina alvarleika málsins hverju sinni. Því verður svo fylgt eftir á næsta ári og fá þá söfnin annað hvort símaviðtal við eftirlitsaðila eða aðra heimsókn eftir því sem við á.

Í lok árs 2022, var staðan þannig að 18 söfn eiga eftir að fá heimsókn. Af þeim eru 13 söfn á áætlun 2023 og fjögur söfn eru á áætlun 2024 en þrjú eru í óvissuflokki; Tækniminjasafn Austurlands á Seyðisfirði sem stórskemmdist þegar aurskriða féll á stóran hluta húsakosts safnsins í desember 2020, Grasagarður Reykjavíkur en sérstaða safnsins krefst sérþekkingar sem er ekki fyrir hendi eins og staðan er í dag og Byggðasafn Dalamanna en þar ríkir óvissa þar sem eigendur safnsins hafa selt húsakostinn og nýr staður fyrir safnið hefur ekki verið fundinn.

Mikið var rætt um ávinning af eftirlitinu sem er hvort í senn lögbundið hlutverk safnaráðs en einnig hefur heimsókn forvarða nýst söfnum einkar vel til ráðgjafar varðandi ýmis mál. Eftirlitið getur einnig nýst sem góður gátlisti yfir það sem viðurkennt safn þarf að uppfylla, sem verkfæri til að styðja við faglegt innra starf og einnig hafa viðurkennd söfn lagt matsskýrsluna fyrir eigendur og í kjölfarið fengið frekara fjármagn til nauðsynlegra breytinga eða úrbóta.

Í eftirlishópi safnaráðs starfa menntaðir forverðir, árið 2022 voru eftirtaldir forverðir starfandi:

- Ingibjörg Áskelsdóttir
- Karen Þóra Sigurkarlsdóttir
- Kristín Gísladóttir
- Þórdís Baldursdóttir

[15] Sjá á vef safnaráðs: https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/eftirlit-med-vidurkenndum-sofnum/eftirlit-med-husakosti-safns-adbunadi-safnkosts-vardveislu-gripa-og-oryggismalum/

### Neyðaráætlanir fyrir safnkost

Síðla árs 2022 var ljóst að Ísland myndi loks fullgilda Haag-samninginn um *Protection of Cultural Property in the Event of Armed conflict* frá 1954. Í ljósi þess eiga menningarstofnanir að setja sér viðbragðsáætlanir ef hætta steðjar að. Ísland mun nota tækifærið og útfæra og útvíkka þetta verkefni svo það taki mið af þeim hættum sem ljóst er að steðja að íslenskum menningararfi, s.s. jarðvá, veðurvá og loftslagsvá. Safnaráð mun stýra þessu verkefni gagnvart viðurkenndum söfnum og gert er ráð fyrir að verkefnið verði komið á leið á næsta ári.

## 3. hluti eftirlits - Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum

Eftirliti með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum skal framfylgt með úttekt sérfræðinga á staðnum og gögnum eftir þörfum.

Þriðji hluti eftirlitsins hófst árið 2020, með eftirfylgni og símati á þeim styrkjum sem fengust til skráningar úr safnasjóði 2020. Fyrst um sinn einskorðast eftirlitið við þá skráningarstyrki sem unnir eru í skráningargrunninn Sarp og gengið var til samninga við Rekstrarfélag Sarps um að sinna þessu eftirliti fyrir hönd safnaráðs 2021. Safnaráð tekur þó lokaákvörðun um það hvort verkefni hafa staðist eftirlitið. Bæði starfsmenn Sarps og skráningarráð Sarps eru samstarfsaðilar safnaráðs vegna þriðja hluta eftirlits en einnig verður unnið að gerð gátlista/staðals um skráningu og þróun á verkferli við eftirlitið. Í eftirlitinu felst m.a. að umsóknir þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur til að teljast styrkhæfar. Því er óskað eftir auknum upplýsingum í umsóknum um styrki til skráningar. Með umsókn í safnasjóð vegna skráninga í Sarp, skuldbindur umsækjandi sig til að fylgja reglum sem gilda um þær skráningar og setja sig í samband við viðeigandi þjónustuaðila áður en verkefnavinnan hefst.

Kröfur vegna skráningaumsókna má finna á vef safnaráðs [16]. Ef styrkur fæst, fá styrkþegar sendar nánari upplýsingar um þau skilyrði sem skráningarstyrkir þurfa að uppfylla til að standast eftirlit safnaráðs með skráningu.

Eftirlit vegna skráninga sem þegar hafa verið unnar verður útfært nánar síðar.

Söfn sem hljóta skráningarstyrki eru fjölmörg og ljóst er að verkefnið er heldur yfirgripsmikið og verklag þarfnast endurskoðunar og einföldunar. Sú vinna hófst á árinu.

## Málefni einstakra safna

### Tækniminjasafn Austurlands

Eftir að Tækniminjasafns Austurlands stórskemmdist í aurflóði í desember 2020 og stærsti hluti safnkostsins grófst undir aur hefur mikið uppbyggingarstarf staðið yfir. Þann 24. febrúar 2022 var varðveislu- og grisjunarstefna Tækniminjasafnsins samþykkt en Þjóðminjasafnið lagði hana fram til samþykktar. Um haustið var staða Tækniminjasafnsins rædd og kaup þess á varðveisluhúsi. Þá gerði óveður þann 24. september með þeim afleiðingum að húsið *Angró* féll saman en það hafði verið hluti af framtíðaráætlunum safnsins.

[16] Sjá á vef safnaráðs: https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/eftirlit-med-vidurkenndum-sofnum/eftirlit-med-skraningu-gripa-og-adgengi-ad-safnkosti-og-syningum/

# Nýting styrkja úr safnasjóði

Styrkþegar úr safnasjóði þurfa að skila skýrslu til safnaráðs um nýtingu allra styrkja úr safnasjóði. Öllum skýrslum um nýtingu styrkja er skilað í gegnum umsóknavef safnaráðs[17]. Skýrslunum skal skilað í síðasta lagi ári eftir að verkefni lýkur en mælst er til að styrkþegar skili skýrslum um leið og verkefni lýkur. Heimilt er að krefjast endurgreiðslu hafi verkefni sem hlotið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við umsókn og þau gögn sem styrkveiting var byggð á, einnig ef verkefnið hefur ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða ef lokaskýrslu hefur ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis. Ef styrkþegi þarf að óska eftir fresti á nýtingu verkefnastyrks úr safnasjóði, má finna eyðublað þar að lútandi á umsóknavef safnaráðs.

Eins og áður hafði COVID-19 þær afleiðingar að verkefni frestuðust og gætti enn áhrifa af faraldrinum í upphafi árs 2022. Aðeins var um að ræða örfá verkefni og heimsfaraldurinn á undanhaldi.

## Nýtingarskýrslur styrkja úr aðalúthlutun

**Áfangaskýrsla**: Styrkþegar verkefnastyrkja skila áfangaskýrslu til safnaráðs vegna styrkja sem eru 1.500.000 kr. eða hærri. Þeirri skýrslu skal skilað í síðasta lagi í byrjun næsta árs á eftir styrkárinu.
**Lokaskýrsla**: Allir styrkþegar skila lokaskýrslu sem er með svipuðu sniði og fyrri nýtingarskýrsla verkefnastyrkja. Þetta gilti frá og með þeim verkefnastyrkjum sem veittir voru árið 2018. Greiðsla styrkja verður þó ekki áfangaskipt að sinni.

## Nýtingarskýrslur styrkja úr aukaúthlutun

Símenntunarstyrkir eru veittir í lok hvers árs að jafnaði til nýtingar út næsta ár. Styrkþegar skila skýrslu um nýtingu símenntunarstyrkja á fyrsta ársfjórðungi ársins þar á eftir.

[17] Sjá á vef safnaráðs: https://safnarad.is/umsoknavefur/



# Viðauki – úthlutanir úr safna-sjóði 2022

## i. Listi yfir úthlutanir úr safnasjóði 2022

| Styrkþegi | Nafn verkefnis | Flokkur | Úthlutun | Styrkur |
|---|---|---|---|---|
| Borgarsögusafn Reykjavíkur | Sýnileiki kvenna í íslenskri ljós-myndasögu | e. Miðlun - staf-ræn miðlun | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 2.000.000 kr. |
| Borgarsögusafn Reykjavíkur | Borgarsagan – stafræn miðlun | e. Miðlun - staf-ræn miðlun | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.000.000 kr. |
| Borgarsögusafn Reykjavíkur | Áhrif loftgæða á endingu safngripa á Árbæjarsafni og Þjóðminjasafni | d. Rannsóknir | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.000.000 kr. |
| Borgarsögusafn Reykjavíkur | Dráttarbáturinn Magni | c. Varðveisla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 800.000 kr. |
| Borgarsögusafn Reykjavíkur | Sarpur: Uppfærsla menningarsögu-legs skráningar- og umsýslukerfis | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2022 - 24 Öndvegisstyrkir (2022) | 4.800.000 kr. |
| Borgarsögusafn Reykjavíkur | Tökum höndum saman – samstarf Borgarsögusafns og Listasafns Reykjavíkur í þeim tilgangi að ná til ólíkra hópa í samfélaginu. | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2020 - 22 Öndvegisstyrkir (2022) | 1.200.000 kr. |
| Borgarsögusafn Reykjavíkur | Farskóli FÍSOS 2023 - Amsterdam | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Byggðasafn Árnesinga | Myndvæðing safnmuna fyrir Sarp | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.500.000 kr. |
| Byggðasafn Árnesinga | Efling fræðsludeildar Byggðasafns Árnesinga | f. Safnfræðsla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 850.000 kr. |
| Byggðasafn Árnesinga | Grisjunarstefna Byggðasafns Árnes-inga | c. Varðveisla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 500.000 kr. |
| Byggðasafn Árnesinga | Innra starf Byggðasafns Árnesinga flutt úr Hafnarbrú 3 í Búðarstíg 22 | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2020 - 22 Öndvegisstyrkir (2022) | 2.000.000 kr. |
| Byggðasafn Árnesinga | Kynnisferðir til Amsterdam og Skot-lands | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Byggðasafn Árnesinga | Vistaskipti milli Byggðasafns Árnes-inga og Minjasafnsins á Akureyri | c) Vistaskipti milli safna | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Byggðasafn Borgarfjarðar | Farskóli 2023 - Amsterdam | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 248.000 kr. |

| Styrkþegi | Nafn verkefnis | Flokkur | Úthlutun | Styrkur |
|---|---|---|---|---|
| Byggðasafn Hafnarfjarðar | Þorbjörg Bergmann - Þemasýning | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.500.000 kr. |
| Byggðasafn Hafnarfjarðar | Anna Jónsdóttir - Ljósmyndasýning | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 800.000 kr. |
| Byggðasafn Hafnarfjarðar | Small Museum Association 2023 Conference | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna | Skráning í Sarp | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 3.000.000 kr. |
| Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna | Rekaviður, bátar og búsgögn | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.500.000 kr. |
| Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna | Símenntun starfsmanna - farskóli | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Byggðasafn Reykjanesbæjar | Safnfræðsla í Byggðasafni Reykja-nesbæjar | f. Safnfræðsla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.500.000 kr. |
| Byggðasafn Reykjanesbæjar | Stækkun og þróun Vita- og sjóslysa-sýningar á Reykjanesi | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.200.000 kr. |
| Byggðasafn Reykjanesbæjar | Þjóðháttasöfnun: Varnarliðið og NATÓ | a. Söfnun | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.000.000 kr. |
| Byggðasafn Reykjanesbæjar | Farskóli 2023 | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Byggðasafn Reykjanesbæjar | Námskeið á Suðurnesjum 2023 | e) Námskeið/fyrir-lesarar – Sam-starfsverkefni | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 450.000 kr. |
| Byggðasafn Skag-firðinga | Safn og samfélag | h. Annað | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 2.000.000 kr. |
| Byggðasafn Skag-firðinga | Fornverkaskólinn og skráning torf-húsa í Skagafirði | i. Efling grunn-starfsemi | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.500.000 kr. |
| Byggðasafn Skag-firðinga | Heildaryfirsýn yfir safnkost | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.500.000 kr. |
| Byggðasafn Skag-firðinga | Farskóli FÍSOS 2023 | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Byggðasafn Skag-firðinga | Varðveisla handverksþekkingar – torfhleðslunámskeið á Tyrfings-stöðum í Skagafirði | d) Námskeið/fyrir-lesarar - Söfn sækja ein um | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Byggðasafn Snæ-fellinga og Hnappdæla | Skráning safnmuna | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.500.000 kr. |
| Byggðasafn Snæ-fellinga og Hnappdæla | Efling grunnstarfsemi | i. Efling grunn-starfsemi | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 900.000 kr. |
| Byggðasafn Snæ-fellinga og Hnappdæla | Skotthúfan 2022 | e. Miðlun - önnur | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 500.000 kr. |
| Byggðasafn Snæ-fellinga og Hnappdæla | Ný grunnsýning Byggðasafns Snæ-fellinga og Hnappdæla | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2020 - 22 Öndvegisstyrkir (2022) | 2.500.000 kr. |
| Byggðasafn Snæ-fellinga og Hnappdæla | Farskóli FÍSOS 2023 - Amsterdam | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Byggðasafn Snæ-fellinga og Hnappdæla | Landsbyggðarráðstefna Félags þjóðfræðinga 2023 í Stykkishólmi | e) Námskeið/fyrir-lesarar – Sam-starfsverkefni | Aukaúthlutun | 350.000 kr. |
| Byggðasafn Vest-fjarða | Skráning safngripa | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.500.000 kr. |

| Styrkþegi | Nafn verkefnis | Flokkur | Úthlutun | Styrkur |
|---|---|---|---|---|
| Byggðasafn Vest-fjarða | Fagleg ráðgjöf 2022 | i. Efling grunn-starfsemi | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.100.000 kr. |
| Byggðasafn Vest-fjarða | Farskóli 2023 | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Byggðasafnið á Garðskaga | Grunnskráning ljósmynda frá Garði og Sandgerði í Sarp | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.000.000 kr. |
| Byggðasafnið á Garðskaga | Hólmsteinn GK20 | c. Varðveisla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.000.000 kr. |
| Byggðasafnið á Garðskaga | Miðlun - Fastar sýningar í máli og myndum | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 800.000 kr. |
| Byggðasafnið Hvoll | Flutningur safns í nýtt húsnæði. Ný grunnsýning og varðveisla safnkosts til framtíðar | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2021 - 23 Öndvegisstyrkir (2022) | 4.000.000 kr. |
| Byggðasafnið Hvoll | Farskóli safnmanna 2023 | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Byggðasafnið Hvoll | Örmálstofur um Norðurland vestra | e) Námskeið/fyrir-lesarar – Sam-starfsverkefni | Aukaúthlutun | 450.000 kr. |
| Byggðasafnið í Görðum | Sýning í bátahúsi , útgerðasaga Akraness | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 3.000.000 kr. |
| Byggðasafnið í Görðum Akranesi | Farskóli FÍSOS 2023, Amsterdam | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Byggðasafnið í Skógum | Forvarsla textíla á grunnsýningu Skógasafns | c. Varðveisla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.300.000 kr. |
| Byggðasafnið í Skógum | Forvarsla myndlistaverka úr pappír og ljósmynda | c. Varðveisla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.200.000 kr. |
| Byggðasafnið í Skógum | Safnkostur í geymslum Skógasafns. Skráning og varðveisla. | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2020 - 22 Öndvegisstyrkir (2022) | 4.000.000 kr. |
| Byggðasafnið í Skógum | Markaðssetning á samfélagsmiðlum | a) Styrkur til staf-rænna kynningar-mála | Aukaúthlutun | 225.000 kr. |
| Félag Norrænna forvarða - Ísland | Vísindarannsóknir á menningararfi sem verkfæri í hugvísindum | d. Rannsóknir | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 750.000 kr. |
| FÍSOS - Félag íslenskra safna og safnmanna | Farskóli FÍSOS 2021 – Egils-staðir/Fjarðabyggð | h. Annað | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.800.000 kr. |
| FÍSOS - Félag íslenskra safna og safnmanna | Safnablaðið Kvistur | e. Miðlun - útgáfa | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 800.000 kr. |
| FÍSOS - Félag íslenskra safna og safnmanna | Safnadagurinn 18. maí 2022 | h. Annað | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 600.000 kr. |
| Flugsafn Íslands | Þegar neyðin er stærst - sýning um björgunar- og sjúkraflug á Íslandi | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.200.000 kr. |
| Flugsafn Íslands | Flugsafn til framtíðar - varðveisla og skráning safnkosts | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2021 - 23 Öndvegisstyrkir (2022) | 4.000.000 kr. |
| Flugsafn Íslands | Þátttaka í Farskóla safnmanna 2023 | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Gerðarsafn - Lista-safn Kópavogs | Verið öll velkomin! Samtal við fjöl-breytilega samfélagshópa | e. Miðlun - önnur | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 2.000.000 kr. |
| Gerðarsafn - Lista-safn Kópavogs | Skráning á verkum Barböru Árnason | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.000.000 kr. |
| Gerðarsafn - Lista-safn Kópavogs | Hamskipti í ferli Gerðar Helgadóttur | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2021 - 23 Öndvegisstyrkir (2022) | 5.800.000 kr. |

| Styrkþegi | Nafn verkefnis | Flokkur | Úthlutun | Styrkur |
|---|---|---|---|---|
| Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs | Þátttaka Gerðarsafns á Farskóla FÍSOS | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs | Vistaskipti við Listasafnið á Akureyri, Safnasafnið og Minjasafnið á Akureyri | c) Vistaskipti milli safna | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Gljúfrasteinn - hús skáldsins | Salka Valka 90 | f. Safnfræðsla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.500.000 kr. |
| Gljúfrasteinn - hús skáldsins | Sérhæfðar leiðsagnir og fræðsla | f. Safnfræðsla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.000.000 kr. |
| Gljúfrasteinn - hús skáldsins | Stafrænn Gljúfrasteinn | a) Styrkur til stafrænna kynningarmála | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Grasagarður Reykjavíkur | Söfnun íslenskra skrautrunnayrkja í Grasagarði Reykjavíkur | i. Efling grunnstarfsemi | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.300.000 kr. |
| Grasagarður Reykjavíkur | Farandsýning um villtar erfðalindir ræktaðra nytjaplantna | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 600.000 kr. |
| Grasagarður Reykjavíkur | Fræðsluferð og starfsmannaskipti til Svíþjóðar | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Grasagarður Reykjavíkur | Málþing um borgarvistfræði | d) Námskeið/fyrirlesarar - Söfn sækja ein um | Aukaúthlutun | 250.000 kr. |
| Hafnarborg | Samstarf um safnfræðslu - stefnumótun og innleiðing | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2020 - 22 Öndvegisstyrkir (2022) | 4.000.000 kr. |
| Hafnarborg | Farskóli í Amsterdam 2023 | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Hafnarborg | Vistaskipti á Norðurlandi | c) Vistaskipti milli safna | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Hafnarborg | Gunnar Örn yfirlitssýning | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.200.000 kr. |
| Hafnarborg | Sóley Eiríksdóttir - útgáfa og sýning | e. Miðlun - útgáfa | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.200.000 kr. |
| Hafnarborg | Listir, hugarefling og vellíðan: Hittumst á safninu | f. Safnfræðsla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 550.000 kr. |
| Heimilisiðnaðarsafnið | Ferða og fundarstyrkur v. Farskóla safnmanna | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Heimilisiðnaðarsafnið | Þjóðbúningafræðsla fyrir safnafólk; fatnaður, skart og uppsetning | e) Námskeið/fyrirlesarar – Samstarfsverkefni | Aukaúthlutun | 450.000 kr. |
| Heimilisiðnaðarsafnið | Gagnasafn - (munstur og efnisgerð), Halldóra Bjarnadóttir (1873-1981) | d. Rannsóknir | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.000.000 kr. |
| Heimilisiðnaðarsafnið | Styrkjandi forvarsla | c. Varðveisla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 700.000 kr. |
| Heimilisiðnaðarsafnið | Skráning - myndskráning | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 700.000 kr. |
| Hönnunarsafn Íslands | Átaksverkefni í varðveislurými | c. Varðveisla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 3.000.000 kr. |
| Hönnunarsafn Íslands | Ný grunnsýning í Hönnunarsafni Íslands - Hönnunarsafnið sem heimili | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2021 - 23 Öndvegisstyrkir (2022) | 4.000.000 kr. |
| Hönnunarsafn Íslands | Átak í kynningu á stafrænum rýmum | a) Styrkur til stafrænna kynningarmála | Aukaúthlutun | 250.000 kr. |
| Hönnunarsafn Íslands | Farskóli safnamanna 2023, ferðakostnaður | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Hvalasafnið á Húsavík | Hvalagallerí; Endurgerð sýningar um tegundir, þróunarsögu og líffræði. | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 2.000.000 kr. |

| Styrkþegi | Nafn verkefnis | Flokkur | Úthlutun | Styrkur |
|---|---|---|---|---|
| Hvalasafnið á Húsavík | Hvalir á heimsskautsslóðum | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.700.000 kr. |
| Hvalasafnið á Húsavík | Heildræn sýningarhönnun til framtíðar | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2020 - 22 Öndvegisstyrkir (2022) | 2.000.000 kr. |
| Íslandsdeild ICOM | Íslensku safnaverðlaunin 2022 | h. Annað | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 2.000.000 kr. |
| Kvikmyndasafn Íslands | Fræðslumoli vikunnar á Kvikmyndasafni Íslands | e. Miðlun - stafræn miðlun | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 2.000.000 kr. |
| Kvikmyndasafn Íslands | Rannsóknir á Kvikmyndasafni Íslands | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2021 - 23 Öndvegisstyrkir (2022) | 4.000.000 kr. |
| Kvikmyndasafn Íslands | Sumarskóli FIAF | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Landbúnaðarsafn Íslands | Saga laxveiða í Borgarfirði | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2022 - 24 Öndvegisstyrkir (2022) | 3.000.000 kr. |
| Landbúnaðarsafn Íslands | Fræðslu- og kennsluefni á heimasíðu | a) Styrkur til stafrænna kynningarmála | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Landbúnaðarsafn Íslands | Farskóli 2023 Amsterdam | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Listasafn Árnesinga | Eruð þið ánægð ef þið fáið að spyrja að einhverju? | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.800.000 kr. |
| Listasafn Árnesinga | Þú ert kveikjan - einkasýning Ingunnar Fjólu Ingþórsdóttur | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.000.000 kr. |
| Listasafn Árnesinga | Farskóli 2023 | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Listasafn ASÍ | Verkin sem safnið geymir - 1. áfangi | i. Efling grunnstarfsemi | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 2.000.000 kr. |
| Listasafn ASÍ | Valdir listamenn - sýningar í tveimur landshlutum | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.000.000 kr. |
| Listasafn ASÍ | Farskóli FÍSOS 2023 | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Listasafn Einars Jónssonar | LEJ bætt skráning [vinnuheiti] | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 800.000 kr. |
| Listasafn Einars Jónssonar | 100 ára afmæli fyrsta listasafns landsins sem opnað var almenningi í eigin húsnæði | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2022 - 24 Öndvegisstyrkir (2022) | 4.000.000 kr. |
| Listasafn Einars Jónssonar | Stafrænt átak í kynningarmálum LEJ | a) Styrkur til stafrænna kynningarmála | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Listasafn Háskóla Íslands | Forvarsla safneignar Listasafns Háskóla Íslands 2022 | c. Varðveisla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.500.000 kr. |
| Listasafn Reykjanesbæjar | Safneign ljósmynduð, Listasafn Reykjanesbæjar | i. Efling grunnstarfsemi | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.200.000 kr. |
| Listasafn Reykjanesbæjar | Vinnustofur barna og fullorðinsfræðsla á listasafni | f. Safnfræðsla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.000.000 kr. |
| Listasafn Reykjanesbæjar | Innsæi (vinnutitill) - samsýning | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.000.000 kr. |
| Listasafn Reykjanesbæjar | Námsferð til Hollands með FÍSOS | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Listasafn Reykjavíkur | Hreyfiafl í hálfa öld | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 2.500.000 kr. |
| Listasafn Reykjavíkur | Ásmundur Sveinsson og Carl Milles í Ásmundarsafni | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 2.000.000 kr. |

| Styrkþegi | Nafn verkefnis | Flokkur | Úthlutun | Styrkur |
|---|---|---|---|---|
| Listasafn Reykja-víkur | Með auga nálarinnar | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.500.000 kr. |
| Listasafn Reykja-víkur | Haustráðstefna 2022 - Mörk kvik-mynda og lista | d. Rannsóknir | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 500.000 kr. |
| Listasafn Reykja-víkur | Rannsóknir, konur og íslensk lista-saga | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2021 - 23 Öndvegisstyrkir (2022) | 4.000.000 kr. |
| Listasafn Reykja-víkur | Þátttaka í farskóla FÍSOS 2023 | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Listasafn Reykja-víkur | Stefnumót - Ráðstefna um söfn og stefnur | e) Námskeið/fyrir-lesarar – Sam-starfsverkefni | Aukaúthlutun | 500.000 kr. |
| Listasafnið á Akur-eyri | Ragnar Kjartansson - The Visitors | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.500.000 kr. |
| Listasafnið á Akur-eyri | svart/hvítt, fimm ljósmyndarar | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.200.000 kr. |
| Listasafnið á Akur-eyri | A! Gjörningahátíð | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 800.000 kr. |
| Listasafnið á Akur-eyri | Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá - Vatnið og landið | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 500.000 kr. |
| Listasafnið á Akur-eyri | Skapandi fræðsluleikur fyrir fjöl-skyldur | f. Safnfræðsla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 300.000 kr. |
| Listasafnið á Akur-eyri | Sköpun bernskunnar, sýningar og hagnýtt safnfræðsluverkefni | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2020 - 22 Öndvegisstyrkir (2022) | 3.300.000 kr. |
| Listasafnið á Akur-eyri | Safnaskóli sóttur | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Menningarmið-stöð Hornafjarðar | Forvarsla Listaverka Svavarssafns og ástandsskoðun á hluta safneignar | c. Varðveisla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.800.000 kr. |
| Menningarmið-stöð Hornafjarðar | Skráning í Sarp | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.200.000 kr. |
| Menningarmið-stöð Hornafjarðar | Farskóli safnamanna 2023 | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Menningarmið-stöð Hornafjarðar | Jöklar í íslenskri myndlist - pallborðs-umræður | d) Námskeið/fyrir-lesarar - Söfn sækja ein um | Aukaúthlutun | 250.000 kr. |
| Menningarmið-stöð Þingeyinga | Skráning | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 400.000 kr. |
| Menningarmið-stöð Þingeyinga | Farskóli Safnamanna 2023 | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Menningarmið-stöð Þingeyinga | Vistaskipti - heimsókn í höfuð-borgina | c) Vistaskipti milli safna | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Minjasafn Austur-lands | Könnun á sameiginlegri varðveislu-miðstöð fyrir söfn á Austurlandi | c. Varðveisla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.000.000 kr. |
| Minjasafn Austur-lands | Skapandi arfleifð: Safnfræðsluverk-efni Minjasafns Austurlands í tengslum við BRAS | f. Safnfræðsla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 400.000 kr. |
| Minjasafn Austur-lands | Húsnæðisbylting Minjasafns Austur-lands | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2021 - 23 Öndvegisstyrkir (2022) | 2.000.000 kr. |
| Minjasafn Austur-lands | Farskóli í Amsterdam | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Minjasafn Austur-lands | Nýjustu fræði og vísindi - fyrirlestra-röð á Austurlandi | d) Námskeið/fyrir-lesarar - Söfn sækja ein um | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Minjasafn Egils Ólafssonar | Bætt varðveisluskilyrði á grunnsýn-ingu safnsins | c. Varðveisla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.000.000 kr. |

| Styrkþegi | Nafn verkefnis | Flokkur | Úthlutun | Styrkur |
|---|---|---|---|---|
| Minjasafn Egils Ólafssonar | Bjargið, landið, víkurnar og verin | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2020 - 22 Öndvegisstyrkir (2022) | 2.500.000 kr. |
| Minjasafnið á Akureyri | Sögustaurar - afmælissýning | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.900.000 kr. |
| Minjasafnið á Akureyri | Sjónminjasaga Akureyrar - varðveisla og nýting sjónvarpsefnis frá Akureyri | c. Varðveisla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.500.000 kr. |
| Minjasafnið á Akureyri | Í skugganum - ljósmyndasýning | g. Samstarf viður-kennds safns við aðra safna-starfsemi | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.100.000 kr. |
| Minjasafnið á Akureyri | Hvernig borðar maður fíl? Skráning gripa og ljósmynda í Sarp. | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2020 - 22 Öndvegisstyrkir (2022) | 3.000.000 kr. |
| Minjasafnið á Akureyri | Farskóli í Amsterdam | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Minjasafnið á Akureyri | Pappír, plast, strigi, gifs og textíll | e) Námskeið/fyrir-lesarar – Sam-starfsverkefni | Aukaúthlutun | 400.000 kr. |
| Minjasafnið á Bustarfelli | Skráning gripa í Sarp | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 500.000 kr. |
| Minjasafnið á Bustarfelli | Varðveisla menningarerfða - Bustar-fellsdagurinn | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 500.000 kr. |
| Minjasafnið á Bustarfelli | Tíðarandinn í tali og mynd | e. Miðlun - staf-ræn miðlun | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 140.000 kr. |
| Minjasafnið á Bustarfelli | Bustarfell: Saga jarðar og ættar. | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2021 - 23 Öndvegisstyrkir (2022) | 900.000 kr. |
| Náttúrufræðistofa Kópavogs | Sjónarspil - Innsetning og fræðslu-verkefni | g. Samstarf viður-kennds safns við aðra safna-starfsemi | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.600.000 kr. |
| Náttúrufræðistofa Kópavogs | Ísland í tímans rás | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2021 - 23 Öndvegisstyrkir (2022) | 3.900.000 kr. |
| Náttúrufræðistofa Kópavogs | Náttúrufræðistofa Kópavogs á Far-skóla FÍSOS í Amsterdam. | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Nýlistasafnið | Haustsýning Nýló 2022 | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.200.000 kr. |
| Nýlistasafnið | Til sýnis: Hinsegin umfram annað fólk | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.200.000 kr. |
| Nýlistasafnið | Forvarsla – A Large Sky for Iceland / Lísand | c. Varðveisla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 500.000 kr. |
| Nýlistasafnið | Farskóli FÍSOS í Amsterdam | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Safnasafnið | Skráning, listakonur | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 800.000 kr. |
| Safnasafnið | Textílsafn | c. Varðveisla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 400.000 kr. |
| Safnasafnið | Útgáfur 6 bóka | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2021 - 23 Öndvegisstyrkir (2022) | 3.500.000 kr. |
| Safnasafnið | EOA ANNUAL GENERAL ASSEM-BLY 2023 | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Safnasafnið | Jaðarinn er miðjan: Söfn og við-spyrna í samtímanum | e) Námskeið/fyrir-lesarar – Sam-starfsverkefni | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |

| Styrkþegi | Nafn verkefnis | Flokkur | Úthlutun | Styrkur |
|---|---|---|---|---|
| Sagnheimar - Byggðasafn og Náttúrugripasafn | Skráning muna Sagnheima, byggðasafns | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 2.500.000 kr. |
| Sagnheimar - Byggðasafn og Náttúrugripasafn | Sýning á munum Sagnheima náttúrugripasafns í húsakynnum Sea Life Trust í Vestmannaeyjum | e. Miðlun - sýning | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 2.200.000 kr. |
| Sagnheimar - Byggðasafn og Náttúrugripasafn | Farskóli í Amsterdam 2023 | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Sagnheimar - Byggðasafn og Náttúrugripasafn | Svo lengi lærir sem lifir | c) Vistaskipti milli safna | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Sauðfjársetur á Ströndum | Átak í skráningu: Munir og minningar | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.100.000 kr. |
| Sauðfjársetur á Ströndum | Afmælisdagskrá Sauðfjársetursins | h. Annað | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.100.000 kr. |
| Sauðfjársetur á Ströndum | Menningararfur í ljósmyndum | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2020 - 22 Öndvegisstyrkir (2022) | 2.500.000 kr. |
| Sauðfjársetur á Ströndum | Sveitasíminn 2. sería | a) Styrkur til stafrænna kynningarmála | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Sauðfjársetur á Ströndum | Ráðstefna SIEF og safnaheimsóknir | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Síldarminjasafn Íslands | Komið reiðu á safnkostinn; annar áfangi | c. Varðveisla | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 2.500.000 kr. |
| Síldarminjasafn Íslands | Salthúsið: Ný grunnsýning og varðveisla safnkosts til framtíðar | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2020 - 22 Öndvegisstyrkir (2022) | 5.000.000 kr. |
| Síldarminjasafn Íslands | Farskóli í Amsterdam | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Sjóminjasafn Austurlands | Ljósmyndun og skráning safnmuna í varðveisluhúsi safnsins í Sarp | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 2.000.000 kr. |
| Tækniminjasafn Austurlands | Stefnumótun og endurreisn Tækniminjasafns Austurlands - lokaáfangi | h. Annað | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.500.000 kr. |
| Tækniminjasafn Austurlands | Heildarúttekt, grisjun og skráning safnkosts - UPPFÆRÐ UMSÓKN | Öndvegisstyrkur | Aðalúthlutun 2022 - 24 Öndvegisstyrkir (2022) | 5.000.000 kr. |
| Tækniminjasafn Austurlands | Rafræn miðlun á sýningu um sögu Búðareyrinnar | a) Styrkur til stafrænna kynningarmála | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Tækniminjasafn Austurlands | Farskóli 2023 | b) Símenntun fyrir starfsmenn safns | Aukaúthlutun | 300.000 kr. |
| Veiðisafnið ses. | Áfangi 3 - Skráning og merking safnmuna í geymslu, ásamt endurpökkun 2022 | b. Skráning - almenn | Aðalúthlutun - Eins árs styrkur | 1.000.000 kr. |

## ii. Greining á úthlutun úr safnasjóði 2022

Á árinu 2022 úthlutaði menningarráðherra, að fenginni umsögn safnaráðs, alls 224.413.000 kr. úr safnasjóði.

Í **aðalúthlutun safnasjóðs 2022** í mars var úthlutað alls 135.390.000 kr.

Veittir voru 94 styrkir til eins árs að heildarupphæð 118.590.000 kr. til 45 styrkþega.

Veittir voru 4 **Öndvegisstyrkir** til viðurkenndra safna sem skiptast svo: Fyrir árið 2022 kr. 16.800.000, fyrir árið 2023 kr. 18.800.000 og fyrir árið 2024 kr. 11.300.000. Heildarupphæðin fyrir allan styrktímann er 46.900.000 kr. Úthlutanir fyrir árin 2023 og 2024 eru veittar með fyrirvara um fjármögnun safnasjóðs.

Í aðalúthlutun safnasjóðs 2022 bárust sjóðnum alls 169 umsóknir frá 52 aðilum, frá 46 viðurkenndum söfnum auk átta annarra aðila. 158 umsóknir bárust um styrki til eins árs að heildarupphæð 272.836.113 kr. og 11 Öndvegisumsóknir bárust að heildarupphæð 123.336.000 kr. fyrir allan styrktímann 2022 – 2024 og fyrir árið 2022 43.058.000 kr.

Í **aukaúthlutun safnasjóðs** í lok árs 2022 var heildarúthlutun 17.923.000 kr. Að þessu sinni var 58 styrkjum úthlutað til 38 viðurkenndra safna, 35 styrkir eru til símenntunarverkefna og námskeiðahalds og 23 styrkir til annarra verkefna.

Samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins, leggur safnaráð faglegt mat á gæði verkefna og metur styrkhæfi umsókna með tilliti til verkefna og gildis þeirra fyrir safnastarf almennt. Safnaráð gerir tillögu til menningarráðherra um upphæð styrkja. Ekki er sjálfkrafa úthlutað til allra verkefna sem standast lágmarksviðmið safnaráðs heldur ráðast upphæðir og fjöldi styrkja af fjölda og gæðum umsókna. Af þessu leiðir að sumir umsækjendur fá ekki styrk úr sjóðnum.

## Skipting eftir úthlutunum

Bróðurparti úthlutaðs fjár var útdeilt í aðalúthlutun eða 92% af heildarúthlutun ársins, þar af fóru 54% til eins árs styrkja en 38% til Öndvegisstyrkja.

| | Fjöldi | Hlutfall | Styrkir |
|---|---|---|---|
| Aðalúthlutun 2022 - Eins árs styrkur | 95 | 54% | 119.140.000 |
| Aðalúthlutun 2022 Öndvegisstyrkir 22-24 | 4 | 8% | 16.800.000 |
| Aðalúthlutun 2022 Öndvegisstyrkir 21-23 | 10 | 16% | 36.100.000 |
| Aðalúthlutun 2022 Öndvegisstyrkir 20-22 | 13 | 14% | 32.000.000 |
| Aukaúthlutun 2022 | 57 | 8% | 17.473.000 |
| Samtals | 179 | 100% | 221.513.000 |

## Hvernig starfsemi styrkti safnasjóður 2022?

Safnastarf byggist að mestu leyti á miðlunar- og fræðsluhlutverkinu annars vegar og hinu faglega starfi sem fram fer innan safnsins hins vegar. Mörg önnur viðfangsefni eru styrkt, svo sem reksturinn sjálfur, samstarf og símenntun starfsmanna.

Það er áhugavert að skoða hvers konar verkefni eru algengust en þó getur verið flókið að flokka styrki eftir viðfangsefni. Í mörgum eins árs styrkjum í aðal- og aukaúthlutun, þar sem umsækjendur merkja við viðfangsefni umsóknar, er auðvelt að flokka umsóknina en Öndvegisstyrkir og margir stærri eins árs styrkir taka oft á tíðum yfir vítt starfssvið safnanna og því ekki augljóst hvernig eigi að flokka. Ef reynt er að skipta styrkjum eftir áðurnefndum þremur flokkum, kemur í ljós að miðlunarþátturinn er viðamestur; 49% heildarstyrkupphæðar úr safnasjóði fara í þann þátt, rúmar 108 milljónir króna. Undir miðlun fellur sýningarhald, stafræn miðlun, útgáfa, safnfræðsla og önnur fjölbreytt miðlun. 40% heildarstyrkupphæðar, rúmar 88 milljónir króna, styrkja faglegt starf safnanna, undir það fellur m.a. skráning, rannsóknir og varðveisla. Það er aukning frá fyrra ári, sem er jákvæð þróun. Í aðra þætti safnastarfsins fara 11% af styrkfénu eða um 25 milljónir króna. Það eru t.d. símenntunarverkefni, rekstrarverkefni og samstarfsverkefni ýmis konar.






## iii. Safnasjóður 2002 - 2022

Safnasjóður var stofnaður með safnalögum árið 2001 og var fyrst úthlutað úr sjóðnum árið 2002. Sjóðurinn er á fjárlögum á eigin fjárlaganúmeri, 16-210, og hefur ekki aðrar tekjur að jafnaði. Taflan hér fyrir neðan sýnir þróun heildarframlaga í safnasjóð frá upphafi með tilliti til úthlutunar.





SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

Höfundar: Þóra Björk Ólafsdóttir og Klara Þórhallsdóttir
Útgefið af safnaráði 2023
Samþykkt á 225. safnaráðsfundi